



SAMKEPPNISLÝSING ORKUSTÖÐVAR

Mars 2019

Samkeppnislýsing vegna fyrirhugaðrar ráðstöfunar orkustöðvar OH til raforkuframleiðslu.

Orkuveita Húsavíkur

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
1.1	Samkeppnislýsing Orkuveitu Húsavíkur	3
1.2	Um útgefanda lýsingarinnar.....	6
1.3	Gögn samkeppnislýsingar	6
1.4	Skilafrestur tillagna	7
1.5	Framkvæmd samkeppnislýsingar - Tímasetningar	7
1.6	Almennir fyrirvarar	8
1.7	Umfang verkefnisins – Helstu þættir.....	9
1.8.	Upplýsingar sem þurfa að koma fram í tillögum bjóðenda.....	10
2	Tilfni samkeppnislýsingar – athugun útboðsskyldu	11
2.1	Forsaga og ástæður fyrir samkeppnislýsingu	11
2.2	Athugun á útboðsskyldu	12
2.3.	Virkjanaleyfi.....	13
3	Orkustöð Orkuveitu Húsavíkur	14
3.1	Fyrirvari OH vegna núverandi starfsemi	14
3.2	Lýsing orkustöðvar OH	14
3.3	Nánar um orkuafurðir orkustöðvarinnar.....	15
3.4	Stöðvun á afhendingu á heitu vatni vegna viðhalds- og viðgerða.....	16
3.5	Lýsing á innviðum orkustöðvar á Húsavík	17
3.6	Veitukerfi.....	22
3.6.1	Aðveituæð Hveravellir-Orkustöð	22
3.6.2	Afhending vatns á hitaveitukerfi	23
3.7	Kælivatns- og frárennslisveita.....	24
3.8	Vinnslusvæði á Hveravöllum	24
4	Áherslur Orkuveitu Húsavíkur við ráðstöfun orkustöðvarinnar	27
4.1	Framleiðsluaðferðir.....	27
4.2	Fyrirkomulag við ráðstöfun orkustöðvarinnar – Leið 1 til 4.	27
4.2.1	Leið 1 – Tímabundið framsal/afnotaréttur á orkustöð til hagnýtingaraðila með kvöð um afhendingu uppbyggingar.	28
4.2.2	Leið 2 – Kaup hagnýtingaraðila á orkustöð með einhliða rétti OH til endurkaupa síðar fyrir tiltekið verð.	29
4.2.3	Leið 3 – Sameiginlegt verkefni hagnýtingaraðila og OH við uppbyggingu og rekstur orkuframleiðslu.	30
4.2.4	Leið 4 – Tilboð til OH um kaup og uppsetningu tæknilausnar til orkuframleiðslu í orkustöð sem OH rekur.	30
4.2.5	Skattalegar afleiðingar einstakra leiða við ráðstöfun orkustöðvar	30
4.3	Tímalengd samnings við hagnýtingaraðila	31
4.4	Bókfært virði orkustöðvar OH	31

5	Kröfur sem gerðar eru til bjóðenda.....	32
5.1	Lögaðilar.....	32
5.2	Upplýsingar um hæfi bjóðenda og tæknilegra lausna.....	32
5.2.1	Almennt um mat á hæfi	32
5.2.2	Fjárhagslegt hæfi	32
5.2.3	Tæknilegt hæfi	32
5.2.4	Lagalegt hæfi	33
5.3	Samstarfsfyrirtæki/Samstarfsaðili	33
5.4	Fjármögnun verkefnisins	33
5.5	Bankaábyrgð fyrir efndum samnings	34
5.6	Áætlanir bjóðanda á rekstartíma	34
5.7	Áskilnaður OH um afhendingu gagna um bjóðanda	34
5.8	Áskilnaður um gerð áreiðanleikakönnunar á bjóðanda.....	35
6	Helstu þættir sem OH lítur til við val á bjóðanda	36
6.1	Almennt	36
6.2	Reynsla bjóðenda/reynsla samstarfsaðila	36
6.3	Tæknilegar upplýsingar um búnað og tækni framleiðsluaðferðar bjóðanda	36
6.4	Fjárhagsstaða bjóðanda	36
6.5	Heimild OH til að óska frekari upplýsinga	37
7	Túlkun samkeppnislýsingar – fyrirspurnir	38
7.1	Tungumál.....	38
8	Áskilnaður og fyrirvarar OH eftir að bjóðandi hefur verið valinn	39
8.1	Fyrirvari OH vegna neyðarréttar	39
8.2	Heimild OH til að grípa til úrræðna til að forðast tjón, mengun eða almannahættu.....	39
8.3	Inngripsheimildir OH vegna breyttrar aðstöðu hagnýtingaraðila	40
8.4	Samningur hagnýtingaraðila við RARIK vegna dreifingu og sölu raforku	40
8.5	Veðheimildir.....	40
8.6	Takmörkun á framsalsrétti hagnýtingaraðila	41
8.7	Vanefndir og heimildir til riftunar og uppsagnar samnings	41
8.8	Kostnaðarskipting aðila	41
8.9	Skaðabótaábyrgð	41
9	Skil orkustöðvar við lok samnings og ástand búnaðar og tækja við skil	42

1 Inngangur

1.1 Samkeppnislýsing Orkuveitu Húsavíkur

Orkuveita Húsavíkur ohf.

Kt. 641195-2359

Ketilsbraut 7-9,

640 Húsavík,

sem hér verður ýmist nefnd „Orkuveita Húsavíkur“, „OH“, „orkuveitan“, „fyrirtækið“ eða „félagið“,

óskar eftir tillögum frá áhugasömum aðilum um hagnýtingu á aðstöðu núverandi orkustöðvar Orkuveitu Húsavíkur við Hrísmóa 1, Húsavík til framleiðslu rafmagns en með því yrðu þær orkuafurðir sem berast stöðinni nýttar frekar og betur en nú er gert.

Á undanförunum misserum hefur OH fengið ýmsar fyrirspurnir og skynjað áhuga ýmissa aðila fyrir því að hagnýta aðstöðu orkustöðvar fyrirtækisins að Hrísmóum til raforkuframleiðslu. Hugmyndir og tillögur þessara aðila eru mismunandi en flestar þeirra eiga það sammerkt að vilja nýta innviði stöðvarinnar og þau aðföng sem berast stöðinni betur en nú er gert til raforkuframleiðslu. Ljóst er að ýmsar framleiðsluaðferðir og tækni eru tiltækar til þess að hagnýta núverandi orkuafurðir stöðvarinnar til raforkuframleiðslu með lágvarmataækni. Samkeppnislýsingu þessari er ætlað að kynna verkefnið og tilgreina þær upplýsingar sem óskað er eftir að umsækjendur leggi fram. Með lýsingunni eru veittar samræmdar upplýsingar til allra aðila sem áhuga hafa á að leggja fram tillögur sínar um hagnýtingu orkustöðvar OH til raforkuframleiðslu.

OH telur mikilvægt að veita bjóðendum sem mest svigrúm til að leggja fram tillögur sínar fyrir framtíðarstarfsemi í orkustöðinni. Engin afmörkun er t.a.m. gerð gagnvart tilteknum framleiðsluaðferðum og er leitast við að hafa lýsingu þessa opna og án mikilla takmarkana svo áhugasömum aðilum sé skapað svigrúm til að móta tillögur sínar.

Ráðstöfun orkustöðvar OH getur farið fram með ýmsum hætti. Með samkeppnislýsingu þessari kallar OH eftir tillögum allra áhugasamra aðila þar sem orkustöðinni yrði ráðstafað til raforkuframleiðslu eftir einni af fjórum eftirfarandi leiðum:

Leið 1

Orkustöðin er leigð eða framseld með tímabundnu fyrirkomulagi til hagnýtingaraðila. OH veitir þá hagnýtingaraðila tímabundinn rétt til nýtingar á innviðum orkustöðvarinnar og aðgang að þeim aðföngum sem unnt er að nýta til raforkuframleiðslu, eftir nánari skilmálum, í tímabundnum samningi milli OH og þess hagnýtingaraðila sem OH velur og samningar nást við. Samningur aðila kveður þá á um afnotarétt og endurgjald á hluta þess varma (80°-120°C) sem hagnýtingaraðili nýtir í sinni framleiðslu og berst orkustöð vegna hitaveitustarfsemi OH. Í samningi aðila munu koma fram allar nauðsynlegar kvaðir til að tryggja fullan og ótakmarkaðan forgangsrétt OH vegna hita- vatns- og fráveitustarfsemi OH auk aðgangs að búnaði þeirrar starfsemi. Að loknum samningi öðlast OH allan eigna- og ráðstöfunarrétt að framleiðslubúnaði sem hagnýtingaraðili hefur sett upp, þ.m.t. virkjunarleyfi og rétt til frekari raforkuframleiðslu.

Leið 2

Orkustöðin verði seld hagnýtingaraðila til raforkuframleiðslu en OH eigi einhliða og óafturkræfan kauprétt á stöðinni fyrir tiltekið verð eftir skilgreindan rekstartíma hagnýtingaraðila. Verður þá gerður sérstakur samningur um afnotarétt á varma til hagnýtingaraðilans sem geymir öll nauðsynleg ákvæði til tryggingar núverandi starfsemi á sviði hita- vatns- og fráveitu í orkustöðinni auk forgangsréttar á heitu vatni til hitaveitustarfsemi sem og að öllum búnaði sem tilheyrir hita-vatns- og fráveitustarfsemi OH. Í tillögum skal sérstaklega kveðið á um einhliða og óafturkræfan rétt OH til endurkaupa (kauprétt) á stöðinni eftir tiltekin tíma en réttur OH skal þó virkjast aldrei síðar en 20 árum frá kaupsamningi. Skal endurkaupsverð og skilmálar þess vera tilgreint í tillögum aðila. Fyrirkomulag kaupréttar OH getur verið á tilteknu árabili t.d. á 5-10 ára fresti eða hann virkjast á fimm ára fresti í ótímabundnum kaupsamningi eða eftir öðru fyrirkomulagi samkvæmt tillögu sem lögð er fram.

Leið 3

Ráðstöfun orkustöðvar fari fram í gegnum sameiginlegt verkefni OH og viðkomandi aðila þannig að stofnaður verði sérstakur lögaðili utan um verkefnið þar sem fram koma skilgreind og vel afmörkuð framlög hvors aðila. Verkefnið felst þá í að hagnýtingaraðili og OH standa sameiginlega að uppsetningu eða endurnýjun framleiðslueininga í orkustöð til framleiðslu á raforku og rekstri hennar.

Leið 4

Aðilar leggi fram tillögur að tæknilausn til framleiðslu raforku í orkustöð ásamt uppsetningu slíkrar lausnar sem OH mun reka í framtíðinni. Framlagðar lausnir þurfa að byggja á raforkuframleiðslu með lágvarma þar sem hluta þess varma sem berst orkustöð er nýttur til raforkuframleiðslu áður en heitavatni er dreift á drefiveitusvæði OH. Í tillögum þarf að felast að aðilinn setji upp lausnina og sannreyni hana með viðhlítandi hætti áður en af afhendingu verður. Leið 4 gerir ráð fyrir að OH reki orkustöðina eftir afhendingu enda sé þá ljóst að framleiðsluaðferðin virkar. Tillögum þarf að fylgja verðtilboð í tæknilausn/framleiðsluaðferð, uppsetningu hennar og upplýsingar um aðra kostnaðarþætti af hálfu bjóðanda.

Um nánari umfjöllun vegna ofangreindra leiða við ráðstöfun orkustöðvar vísast til ýmissa kafla þessarar samkeppnislýsingar, sbr. einkum kafla 4.2.

Í lýsingu þessari er leitast við að gefa, þeim aðilum sem áhuga hafa að leggja fram tillögu eða tillögur sínar að hagnýtingu orkustöðvar („bjóðendur“, eða „hagnýtingaraðilar“) eftir ofangreindum leiðum, lýsingu á orkustöð OH, þeim innviðum sem þar er að finna, lýsingu á helstu skilmálum sem OH gerir til hagnýtingaraðila og til reksturs hans á samningstíma, fyrirkomulag við val á tillögu, lýsingu þátta sem OH lítur helst til við val á tillögu og önnur þau atriði sem rétt er að upplýsa bjóðendur um svo þeir geti mótað tillögur sínar til OH.

1.2. Fyrirkomulag Samkeppnislýsingar

OH hefur látið kanna hvort fyrirhuguð ráðstöfun orkustöðvarinnar falli undir útboðsskyldu. Vísast um það sérstaklega til umfjöllunnar í kafla 2.2. Niðurstaða þeirrar athugunar leiðir í ljós að ráðstöfun orkustöðvar getur hugsanlega falið í sér sérleyfissamning í skilningi útboðsréttar, sbr. reglugerð nr. 950/2017 um sérleyfissamninga um verk eða þjónustu yfir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins. Til þess þurfa tvö skilyrði að vera fyrir hendi. Annars vegar þarf Orkustöðinni að vera ráðstafað þannig að úthlutunin hafi á sér einkenni sérleyfisfyrirkomulags og hins vegar að fjárfesting hagnýtingaraðila í stöðinni á samningstíma verði hærrí en 721.794.800 kr. án vsk. Alls ekki er fyrrsjáanlegt að þessi skilyrði verði uppfyllt. Þá liggja ekki fyrir tillögur hagnýtingaraðila og því er ekki unnt á þessu stigi að afmarka hvort úthlutun orkustöðvarinnar reynist útboðsskyld eða ekki.

Þannig verða bjóðendur sem leggja inn tillögur að gera ráð fyrir að úthlutun orkustöðvar geti átt sér stað í tveimur sjálfstæðum hlutum. Fyrri hlutinn felst í samkeppnislýsingu þessari sem send verður þeim aðilum sem þegar hafa lýst yfir áhuga á orkustöð OH og öðrum þeim aðilum sem kunna að hafa áhuga á að leggja fram tillögur að hagnýtingu orkustöðvarinnar. Þá verður lýsing þessi aðgengileg á vef OH á tillögufresti og opinn öðrum til að leggja fram tillögur. Að fengnum þeim tillögum sem berast frá áhugasömum aðilum verða þær yfirfarnar af sérstakri dómnefnd OH. Í kjölfar mats á þeim tillögum sem berast OH er unnt að afmarka hvort úthlutun orkustöðvar kunní að vera útboðsskyld í ljósi framkominna tillagna.

Samkeppnislýsing þessi kallar eftir tillögum aðila eftir fjórum mögulegum leiðum. Komi til þess að tillaga eða tillögur sem dómnefnd telur bestar m.t.t. hagsmuna OH og þeirra sjónarmiða sem fram koma í samkeppnislýsingu þessari, teljist falla undir útboðsskyldu skv. ofangreindu verður efnt til útboðs þar sem öllum þeim er leggja fram tillögur undir þeirri leið sem OH telur besta við fyrirkomulag ráðstöfunar orkustöðvar verður þá gefinn kostur á að leggja fram tilboð í formlegu útboði. Til frekari skýringar skal í dæmaskyni nefnt að telji OH að réttast sé að ráðstafa orkustöðinni eftir leið 1 og séu framkomnar tillögur að sýna að ráðstöfun orkustöðvar eftir þeirri leið feli í sér að rástöfunin sé útboðsskyld (sérleyfiseinkenni og fjárhæð) tekur við seinni hluti þess ferlis að ráðstafa orkustöðinni. Sá hluti verður sjálfstæður og felur þá í sér útboð þar sem bjóðendum, bæði þeim sem lagt hafa fram tillögur á grundvelli lýsingar þessarar undir viðkomandi leið og öðrum aðilum sem vilja leggja fram tilboð sín á grundvelli útboðslýsingar innan umræddrar leiðar, verður gefinn kostur á að leggja fram endanleg tilboð til OH.

Teljist tillögur innan þeirrar leiðar sem valin verður ekki fela í sér útboðsskyldu þar sem skilyrði slíkrar skyldu, sbr. umfjöllun í lýsingu þessari, eru ekki fyrir hendi verður gengið til samninga við þann aðila sem dómnefnd hefur valið.

Á því tímabili sem dómnefnd fer yfir tillögur bjóðenda, sbr. kafla 1.5, ber bjóðendum að vera reiðubúnir til að upplýsa og leggja fram gögn til frekari skýringa á innsendum tillögum, svo sem tæknilegar upplýsingar, nánari upplýsingar um framleiðsluaðferð, reynslu af framleiðsluaðferð, hættueiginleikum, tækni- rekstrar eða fjárhagslegum þáttum, samskiptaleg atriði, kostnaði af fjárfestingu eða hverjum öðrum þeim þáttum þar sem dómnefnd telur nausynlegt að kalla eftir frekari skýringum og upplýsingum í því skyni að meta viðkomandi tillögu bjóðenda með fullnægjandi hætti.

1.2 Um útgefanda lýsingarinnar

Orkuveita Húsavíkur ohf. er opinbert hlutafélag sem alfarið er í eigu sveitarfélagsins Norðurlands. Félagið annast rekstur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu innan lögsagnarumdæmis Norðurlands. Tilgangur félagsins eru m.a. orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins.

Orkuveitan var stofnuð þann 11. febrúar 2005 með heimild í lögum nr. 13/2005. Lögin heimiluðu Húsavíkurbæ að stofna einkahlutafélag um Orkuveitu Húsavíkur frá og með 1. janúar 2005. Skv. lögnum tók Orkuveita Húsavíkur ohf. við einkarétti Húsavíkurbæjar og Orkuveitu Húsavíkur til starfrækslu hita-, raf- og vatnsveitu á Húsavík og yfirtók skyldur tengdar rekstri þeirra sem kveðið var á um í öðrum lögum. Frá árinu 2009 hefur kjarnastarfsemi OH verið afmörkuð við vinnslu og dreifingu á heitu og köldu vatni ásamt því að eiga og reka vatns- og fráveitukerfi Norðurlands en rafmagnsframleiðsla og sala rafmagns var aflögð og raforkudreifikerfi OH selt RARIK.

1.3 Gögn samkeppnislýsingar

Samkeppnislýsing þessi er afhent endurgjaldslaust frá og með þriðjudeginum 5. mars 2019. Hana má einnig nálgast á rafrænu formi á vef Orkuveitu Húsavíkur, www.oh.is.

Bjóðanda er heimilt að prenta út eða afrita gögnin. Heimildin til afritunar/fjölföldunar er með fyrirvara um að gögnin séu til eigin nota og allur kostnaður henni samfara á ábyrgð bjóðandans.

Við niðurhal á lýsingu þessari er aðilum gefinn kostur á að skrá inn tengiliðaupplýsingar sínar. Aðilar eru eindregið hvattir til þess að skrá tengiliðaupplýsingar á heimasíðu OH eða koma þeim til OH á www.oh.is þar sem einungis þeir sem skráð hafa slíkar upplýsingar hjá OH fá send svör við fyrirspurnum eða afrit af öðrum þeim upplýsingum og gögnum sem OH kann að vilja koma til allra þeirra aðila sem fyrirhuga að leggja fram tillögu/tillögur sínar fram, að skilafresti.

Eftirfarandi gögn fylgja lýsingu þessari og eru aðgengileg á vef OH, www.oh.is:

- Teikningar af orkustöðinni Hrísmóum 1.
- Samþykktir Orkuveitu Húsavíkur ohf.
- Samningur OH við Garðræktarfélag Reykhverfinga, dags. 3. apríl 1970.
- Samningur OH við landeigendur Bláhvamms og Laufahlíðar, dags. 2. apríl 1970.
- Lóðarleigusamningur v/ Hrísmóa 1, Húsavík ásamt lóðarblaði.
- Lóðarleigusamningur v/ Hrísmóa 1a, Húsavík, ásamt lóðarblaði.
- Deiliskipulag á skipulagssvæði orkustöðvarinnar, dags. 18. ágúst 2016, ásamt greinargerð.
- Yfirlýsing Rarik og OH um spennistöð að Hrísmóum 1, dags. 23. febrúar 2010.

Óski bjóðendur frekari gagna um orkustöðina eru þeir hvattir til að koma slíkum fyrirspurnum á framfæri og mun OH leitast við að verða við slíkum beiðnum.

Lög, reglugerðir, samningar o.s.frv. sem vísað er til í lýsingu þessari fylgja ekki, en eru hluti hennar eins og við á. Út frá því verður gengið að bjóðendur eigi þessi gögn eða hafi aðgang að þeim, ef ekki þá sé það á þeirra ábyrgð að verða sér út um gögnin eða þau sem þeim kann að vanta. Kunnáttuleysi og/eða vanræksla bjóðanda á að kynna sér staðla, lög, reglugerðir, samninga o.s.frv. sem gilda kunna um starfsemi orkustöðvar eða þá starfsemi sem bjóðandi gerir tillögu um er á hans ábyrgð.

Bjóðendur eru hvattir til að leita sér aðstoðar sérfræðinga er varða fjárhagsleg-, lagaleg- eða skattaleg- atriði í tengslum við hina fyrirhuguðu starfsemi.

Að beiðni áhugasamra aðila verður þeim veittur aðgangur að stöðinni til frekari skoðunar eftir nánar samkomulagi. Ósk um skoðun á orkustöðinni skal gerð með tölvupósti til Gunnars Hrafns Gunnarssonar, framkvæmdastjóra OH, tölvupóstfang: gunnar@nordurthing.is.

1.4 Skilafrestur tillagna

Bjóðendur munu geta nálgast lýsingu þessa og þau fylgigögn sem henni tilheyra fram til 30. apríl 2019. Eftir það tímamark verður lýsingin ekki lengur aðgengileg bjóðendum.

Skilafrestur tillagna frá bjóðendum er þriðjudaginn 14. maí 2019, kl. 14:00.

Trúnaðarmaður OH við skil á tillögum er Gunnar Hrafn Gunnarsson, framkvæmdastjóri OH og skal tillögum skilað til hans á tölvupóstfang: gunnar@nordurthing.is.

Sé tillögum skilað á pappírformi er nægilegt að tillögum sé komið í póst eða flugafgreiðslu fyrir lok skilafrests, enda skal vottorð um það frá hlutaðeigandi afgreiðslumanni sent til trúnaðarmanns innan sólarhrings frá dagsetningu vottorðsins og skulu þær ásamt fylgiskjölum og gögnum sem nauðsynleg eru til mats á tillögunni hafa borist á skrifstofu OH að Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík, eigi síðar en sjö dögum síðar. Tillögum verður ekki veitt viðtaka lengur en sjö dögum eftir að skilafresti lýkur.

Aðsendar tillögur skal senda á heimilisfang Orkuveitu Húsavíkur, Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík. Staðfesting fyrir móttöku aðsendra tillagna verður send með tölvupósti.

Sé tillögum skilað á tölvutæku formi skulu þær ásamt fylgiskjölum og gögnum sem nauðsynleg eru til mats á tillögunni hafa verið skilað með tölvupósti á tölvupóstfangið gunnar@nordurthing.is eða oh@oh.is fyrir ofangreint tímamark eða *eigi síðar en þriðjudaginn 14. maí 2019, kl. 14:00.*

1.5 Framkvæmd samkeppnislýsingar - Tímasetningar

Á tímabilinu frá 5. mars til 30. apríl 2019 geta bjóðendur lagt fram fyrirspurnir, spurningar eða aflað frekari skýringa á einstökum atriðum samkeppnislýsingarinnar. Slíkum fyrirspurnum verður leitast við að svara eins fljótt og kostur er. Miðað er við að svör við fyrirspurnum og/eða útskýringar á einstökum þáttum lýsingarinnar eða verkefnisins verði miðlað til allra þeirra aðila sem OH hefur upplýsingar um á hverjum tíma að hafi samkeppnislýsinguna og fylgigögn hennar. OH kann í þessu skyni að

miðla svörum við fyrirspurnum eða útskýringum í tilefni af fyrirspurn á vef sínum www.oh.is.

OH áskilur sér allt að 45 daga frá því að skilafresti tillagna lýkur til yfirferðar og mats á tillögum bjóðenda. Bjóðendur skulu vera reiðubúnir til samskipta og upplýsingagjafar um tillögur sínar á þessu tímabili í því skyni að OH öðlist fullan skilning og upplýsingar sem þörf er á til þess að taka afstöðu til tillagnar viðkomandi bjóðanda.

OH áskilur sér rétt að taka hvaða tillögu sem er eða hafna þeim öllum ef það reynist mat Orkuveitu Húsavíkur að engin tillagna bjóðenda sé fullnægjandi eða nægjanlega áreiðanleg, til að réttlæta langtímaráðstöfun orkustöðvar í hendur bjóðanda ásamt aðgangi að þeim auðlindum sem OH hefur afnotarétt yfir. Sami áskilnaður er gerður ef samningaviðræður við bjóðendur leiða ekki til ásættanlegrar samningsniðurstöðu fyrir OH.

Feli tillögur sem berast OH í sér að rétt sé að bjóða út ráðstöfun orkustöðvar sökum útboðsskyldu mun aðilum sem lagt hafa fram tillögur tilkynnt um þá niðurstöðu og munu þá frekari tímafrestir í ferli við ráðstöfun orkutstöðvar koma fram í útboðsgögnum á síðara stigi.

Feli tillögur sem berast OH í sér að ekki sé þörf til útboðs á ráðstöfun orkustöðvar mun OH eigi síðar en 1. júlí 2019 hefja viðræður um þá tillögu sem OH telur samræmast best hagsmunum og fyrirætlunum OH og þeim kröfum og áherslum sem fram koma í lýsingu þessari. Komi til þess að ekki náist niðurstaða í viðræður við þann aðila áskilur OH sér rétt til að leita til annarra bjóðenda sem lagt hafa fram tillögur og leitað samninga.

OH áskilur sér frest til allt að 1. október 2019 til að nálgast bjóðanda sem leggur inn tillögu í því skyni að eiga samningaviðræður um lausn hans og í framhaldi ráðstöfun orkustöðvarinnar til viðkomandi bjóðanda.

Samningur um lausn til tiltekins bjóðanda verður afmarkaður í tíma eftir nánara samkomulagi aðila. Í lýsingu þessari nefnist sá tími rekstrartími.

OH mun tilkynna öllum sem leggja inn tillögur til OH um niðurstöðu samningaviðræðna þegar þær liggja fyrir.

Helstu dagsetningar - Yfirlit:

Kynningarfundur:	Á ekki við
Fyrirspurnartíma lýkur:	30.4.2019
Frestur til skila á tillögum:	14.5.2019
Frestur OH til yfirferðar á gögnum og tillögum bjóðenda lýkur:	28.6.2019
Tímabili til samningsgerðar við bjóðanda lýkur komi ekki til útboðs:	1.10.2019

1.6 Almennir fyrirvarar

Í lýsingu þessari verða ekki tæmandi talin öll þau atriði sem kunna að skipta einstaka bjóðendur máli. Við framlagningu lýsingar þessarar er OH ekki kunnugt um hvaða tillögur kunna að berast um framtíðarrekstur orkustöðvar. Þannig er OH ekki kunnugt um hvaða aðferðir við orkuframléiðslu í stöðinni verða lagðar fram, hvaða leið 1-4 við

ráðstöfun orkustöðvar hagnýtingaraðilar kjósa að grundvalla tillögur sínar á, t.d. hvaða tillögur verða gerðar um samstarf OH og hagnýtingaraðila, hvaða fyrirkomulag verður á eignarhaldi orkustöðvarinnar á rekstartíma orkustöðvarinnar, hvort hagnýtingaraðili fyrirhugi að nýta eitthvað af þeim búnaði og tækjum sem fyrir eru í orkustöðinni o.s.frv. Þessi aðstaða felur í sér að lýsing þessi getur ekki verið tæmandi um alla þá þætti sem bjóðendur líta til eða þurfa upplýsingar um í því skyni að geta lagt fram tillögur sínar. OH áskilur sér því allan rétt til að taka upp í samningaviðræðum við bjóðanda önnur atriði eða þætti sem ekki er fjallað um í lýsingu þessari sem OH telur að þurfi að vera hluti af endanlegum samningi milli aðila.

Þátttakendur þurfa að gæta sérstaklega að því við yfirferð lýsingar þessarar að þar kann að vanta upplýsingar um atriði sem skipta máli fyrir þær hugmyndir og tillögur sem þeir hafa varðandi hagnýtingu orkustöðvar. Þátttakendum ber sjálfum að gæta að því að afla þeirra upplýsinga sem varða önnur atriði en sjálfa orkustöð OH eða atriði sem ekki eru á forræði OH. Þátttakendum ber ennfremur að leggja fram þær fyrirspurnir og leita allra þeirra upplýsinga hjá OH sem þeir þurfa og er ekki að finna í lýsingu þessari sé slíkt nauðsynlegt til að þeir geti lagt fram tillögur sínar með fullnægjandi hætti.

Hagnýtingaraðili sem samningur verður gerður við fær eignar- og ráðstöfunarétt á þeim tækjum og búnaði sem eru nú í orkustöðinni og tilheyrir raforkuframleiðslu. Ástand þess búnaðar er afar missjafn og er að hluta talin ónýtur. OH tekur enga ábyrgð á ástandi, eiginleikum eða virkni þeirra tækja og búnaðar sem fyrir er í orkustöðinni.

Allur búnaður og tæki innan og utan orkustöðvar sem nú eru nýttur fyrir hitaveituvatns- og fráveitustarfsemi OH tilheyra þeirri starfsemi, svo sem aðveituæð, lokar, stýrilokar, lagnir og varakælir. Hagnýtingaraðili fær því engan eigna- eða umráðarétt yfir þessum búnaði og/eða tækjum á rekstartíma.

Vegna framangreindra fyrirvara eru þátttakendur því sérstaklega hvattir til að kynna sér byggingu orkustöðvar og umhverfi hennar með skoðun. Þá eru þátttakendur hvattir til að kynna sér sjálfir ástand þeirra tækja og búnaðar sem fyrir er í orkustöð OH og gera allar þær athugasemdir, mælingar eða annað sem nauðsynlegt er áður en tillögur eru lagðar fram.

Komi til þess að útboð þurfi að fara fram vegna úthlutunar orkustöðvar gerir OH sérstakan fyrirvara um og áskilur sér allan rétt til að setja fram aðra og frekari skilmála í útboðslýsingu en hér er gert enda verður þá gefin út sérstök útboðslýsing.

1.7 Umfang verkefnisins – Helstu þættir

Orkustöð OH felur í sér innviði sem nýta má til raforkuframleiðslu. Fyrir er búnaður og tæki sem tengjast raforkuframleiðslu byggð á svokallaðri Kalina tækni. Gert er ráð fyrir að hagnýtingaraðili rífi niður og fargi eða selji, þann búnað, tæki og annað lausafé sem fyrir er í stöðinni og tilheyrir ekki hitaveitu- eða vatnsveitustarfsemi OH og getur ekki nýst hagnýtingaraðila.

Góð aðstaða og gólfrymi eru í orkustöðinni til að byggja þar upp nýja eða nýjar framleiðslueiningar. Raforkuframleiðslu er unnt að tengja dreifiveitukerfi RARIK sem nær inn í orkustöðina og því eru fyrir innviðir til að tengja raforkuframleiðslu í stöðinni

við dreifikerfi raforku samkvæmt tengisamningi við RARIK. Hagnýtingaraðili mun því þurfa að afla sér tengisamnings við RARIK.

Þá streymir til orkustöðvarinnar heitt vatn en jafnframt berst orkustöðinni gott rennsli af köldu vatni. Þessar orkuafurðir er unnt að nýta að virtum þeim réttindum sem eru OH nauðsynleg vegna starfemi hita- og vatnsveitu. OH mun þannig ávallt áskilja sér ótakmarkaðan aðgang að nægjanlegu magni hverju sinni af rúmlega 80°C heitu vatni til dreifingar á dreifiveitusvæðum sínum hverju sinni sem nú eru við Húsavík og nágrenni. Aðföng til raforkuframleiðslu afmarkast þannig fyrst og fremst af heitu vatni, þ.e. vatni með hitastigi sem að jafnaði er á bilinu 80°-120°C. Réttur OH á heitu vatni sem berst orkustöðinni grundvallast á samningum um afnotarétt af vatninu við eigendur þess. Réttur hagnýtingaraðila á heitu vatni mun því afmarkast af sömu réttindum og OH leiðir af samningum sínum við landeigendur, sjá frekar í kafla 3.3.

Í aðstöðu orkustöðvarinnar eru þannig fyrir ýmsir nauðsynlegir innviðir til raforkuframleiðslu. Hagnýtingaraðili þarf hins vegar að fjárfesta og setja upp ný tæki og búnað til orkuframleiðslu í orkustöðinni. Ennfremur þarf hagnýtingaraðili að tryggja sér markað fyrir raforkusölu sína og tryggja forsvaranlegan rekstur af sinni hálfu þann tíma sem samningur hans við OH tekur til (rekstartími). Í verkefninu felast engin vilyrði um kaup á orku úr stöðinni af hálfu OH. Hagnýtingaraðili og OH munu semja í upphafi um hæfilega lengd rekstartíma sem endurspeglar markmið hagnýtingaraðila s.s. um eðlilega arðsemi verkefnisins. Í samkeppnislýsingu þessari miðar OH við að rekstartími hagnýtingaraðila verði að hámarki 20 ár. Rekstur orkuframleiðslunnar yrði svo í höndum hagnýtingaraðila á rekstartímanum nema ef farin verður leið 3 eða 4.

OH gerir kröfu til þess að fyrir lok rekstartíma stöðvarinnar skuli starfsmenn OH fá alla nauðsynlega verklega- og faglega þjálfun á allan búnað og tæki hagnýtingaraðila með hæfilega löngum fyrirvara í því skyni að tryggja hnökralausa yfirtöku stöðvarinnar af hálfu OH við lok rekstartíma hagnýtingaraðila.

Að loknum umsömdum rekstartíma stöðvarinnar felst í verkefni þessarar samkeppnislýsingar að afhenda OH orkustöðina með fullum eignar- og ráðstöfunarrétti í samræmi við þá skilmála sem samið verður um milli OH og hagnýtingaraðila. Við afhendingu stöðvarinnar fylgir allur framleiðslubúnaður og þau tæki og annar búnaður sem hagnýtingaraðili hefur sett upp á rekstartíma í orkustöðina og skal allur búnaður vera í fullri virkni til framleiðslu raforku við afhendingu. Við afhendinguna mun þannig öllum réttindum og skyldum hagnýtingaraðila ljúka og OH taka við orkustöðinni með öllum búnaði og tækjum auk þeirra orkusölusamninga sem vera kunna í gildi við lok rekstartíma.

1.8. Upplýsingar sem þurfa að koma fram í tillögum bjóðenda

Fjárfestingakostnaður hagnýtingaraðila getur orðið ráðandi þáttur um það hvort í kjölfar samkeppnislýsingar þessarar verði efnt til formlegs útboðs, sbr. umfjöllun í kafla 1.2. og 2.2. Afar mikilvægt er að bjóðendur skili með tillögum sínum greinargóðum upplýsingum og áætlanir um þá fjárfestingu sem felst í verkefni þeirra á samningstíma, þ.e. þeim tíma sem samningur við OH varir.

Óskað er upplýsinga bæði um áætlaðan stofnkostnað byggða á þeirri lausn/framleiðsluaðferð sem bjóðandi leggur fram og öðrum þeim kostnaði sem telja má til fjárfestingakostnaðar og mun falla til sem slíkur kostnaður á samningstíma.

Í því skyni að dómnefnd geti metið sem best innsendar tillögur er afar æskilegt að bjóðendur sendi sem ítarlegastar upplýsingar um alla lykilþætti tillögu sinnar, þannig þarf gæði og áreiðanleiki tæknilausnar/framleiðsluaðferðar að liggja skýrt fyrir í lýsingum bjóðenda og greinargóð lýsing á framleiðsluaðferðinni. Einnig er afar mikilvægt að með tillögum berist ítarleg lýsing á sögulegri reynslu framleiðsluaðferðarinnar. Hvar lausnin hefur verið reynd og við hvaða aðstæður. Mikilvægt er að fram komi hverjir hafi reynst helstu gallar við uppsetningu, vinnslu og starfsemi tengdri viðkomandi framleiðsluaðferð en jafnframt tilgreining á helstu kostum viðkomandi lausnar og við hvaða aðstæður, hitistig vatns o.s.frv. lausnin hafi reynst vel.

Bjóðendur er einnig hvattir til að leggja fram greinargóðar upplýsingar um reynslu sína við uppsetningu viðkomandi framleiðsluaðferðar, vísa til fyrri verkefna sinna og upplýsa um þætti sem eru mikilvægar við mat á rekstrarlegum- fjárhagslegum eða tæknilegum þáttum svo niðurstaða dómnefndar megi verða sem málefnalegust. Vísast hér til 6. kafla um frekari afmörkun varðandi þær upplýsingar sem sérstaklega er óskað að bjóðendur leggi fram.

2 Tilefni samkeppnislýsingar – athugun útboðsskyldu

2.1 Forsaga og ástæður fyrir samkeppnislýsingu

Bygging orkustöðvar OH árið 2000 var þáttur í uppbyggingu orkuframleiðslu á vegum OH sem byggði á svokallaðri Kalina tækni og fólst í því að hagnýta lágvarmatækni til orkuframleiðslu úr heitu vatni sem berst um 16 km. aðveitulögn frá Reykjahverfi til Húsavíkur. Aðveitulögn þessi tryggir að til orkustöðvar OH berast að jafnaði um 90-95 l/s af um 120 °C heitu vatni. Sambland ýmissa þátta leiddu til þess að virkjun raforkuframleiðslu byggða á Kalina tækni gekk ekki sem skyldi og hætti OH með öllu tilraunum sínum með raforkuframleiðslu í orkustöðinni árið 2007. Reynsla OH af núverandi Kalina tækni hefur ekki reynst góð sem leitt hefur til mikilla fjárútláta og síðar ákvörðunar um að hætta með öllu raforkuframleiðslu byggða á núverandi kalina búnaði í orkustöð.

Hitaveiturekstur OH hagnýtir aðeins hluta af varma þess vatns sem berst orkustöðinni og er miðað við að hámarkshitastig vatns á hitaveitukerfi sé um 80°C. OH er ekki eigandi þess heitavatns sem berst orkustöðinni en hefur fulla heimild til afnota og ráðstöfunar þess samkvæmt ótímabundnum samningum við landeigendur í Reykjahverfi. Á grundvelli þessara samninga rak OH áður raforkuframleiðslu í orkustöðinni. Aðstaðan í orkustöð OH og geta stöðvarinnar er því ekki fullnýtt þar sem engin raforkuframleiðsla fer nú fram í orkustöðinni. Markmiðið með lýsingu þessari er að veita þriðja aðila, hagnýtingaraðila, sem til þessi hefur tæknilega getu og búnað aðgang að orkustöðinni svo tryggja megi frekari nýtingu hennar, innviða hennar og þeirra orkuafurða sem berast til stöðvarinnar.

Sú uppbygging innviða sem átt hefur sér stað hjá OH og forverum þess félags hefur orðið til fyrir tilstilli þeirra tekna sem OH hefur aflað af notendum sínum, oft í krafti

starfsemi sem nýtur einkaleyfisverndar. Ráðstafanir OH á innviðum orkustöðvar sinnar til þriðja aðila verða að taka mið af þeim hagsmunum sem íbúar sveitarfélagsins Norðurljósa hafa af Orkuveitu Húsavíkur. OH hefur í krafti starfsemi sinnar lagt verulega fjármuni í uppbyggingu þeirra innviða sem finnast í orkustöð OH. Við ráðstöfun orkustöðvarinnar er úthlutað takmörkuðum gæðum sem veita þriðja aðila réttindi til hagnýtingar innviða sem eigendur OH hafa byggt upp í gegnum tekjumyndun félagsins. Af þessum ástæðum er með lýsingu þessari leitast við að endurspeglar þessa hagsmuni á þann hátt að tryggja OH skýran rétt til að endurheimta ráðstöfunarréttindi yfir orkustöðinni eftir tiltekin tíma í eigu hagnýtingaraðila eða með því að tryggja slíkan endurheimturétt eftir að hagnýtingaraðili hefur haft afnot af innviðum orkustöðvar OH, t.d. í formi leigu eða með öðrum hætti. Á sama hátt verður fyrirkomulagið við ráðstöfun orkustöðvar OH byggt á því að tryggja að eðlilegt tillit sé tekið til hagsmuna þess rekstraraðila sem valin verður m.t.t. fjárfestinga, áhættu, rekstrar- og fjármagnskostnaðar og annars kostnaðar auk eðlilegra arðgreiðslna.

2.2 Athugun á útboðsskyldu

Eins og áður sagði hefur Orkuveitan látið kanna hvort fyrirhuguð ráðstöfun orkustöðvarinnar falli undir útboðsskyldu, sbr. m.a. ákvæði laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Jafnframt var skoðað hvort fyrirætlan OH falli undir reglugerð 950/2017 um sérleyfissamninga um verk eða þjónustu yfir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins, tilskipun 2004/17/ESB eða reglugerð 2017/340/ESB um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu.

Helstu niðurstöður athugunarinnar leiddu í ljós að ráðstöfun orkustöðvarinnar með einhvers konar sérleyfisfyrirkomulagi kemst næst því að falla að reglum um útboðsskyldu. Felist niðurstaðan þannig í fullri ráðstöfun á orkustöðinni og innviðum hennar og síðar endurheimturétti OH (e. Build-Operate-Transfer) getur slík aðstaða haft á sér einkenni sérleyfis fyrirkomulags þar sem aðili fengi aðgang að innviðum í eigu OH. Annars konar fyrirkomulag á ráðstöfun orkustöðvar sem felur í sér að rekstraráhætta sé alfarið hjá hagnýtingaraðila getur einnig fallið undir að teljast sérleyfisfyrirkomulag.

Í tilviki fyrirkomulags sem byggist á einhvers konar sérleyfisfyrirkomulagi skiptir mat á undirliggjandi fjárhagslegum verðmætum sem kunna að felast í ráðstöfun orkustöðvar OH verulegu máli. Af ákvæðum 12. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup verður ráðið að lögin gilda ekki um sérleyfissamninga nema slíkir samningar nái viðmiðunarfjárhæðum reglugerðar sem ráðherra setur um gerð sérleyfissamninga. Samkvæmt reglugerð 176/2018 þarf samningsfjárhæð slíks sérleyfissamnings að fara yfir 721.794.800 kr. án vsk., ef telja á samning sem teldist til sérleyfissamnings vera háðan útboðsskyldu.

Ljóst má vera að afar erfitt er að fastsetja eða afmarka hvort aðstaða sérleyfissamnings er fyrir hendi þegar ekki liggja fyrir tillögur frá áhugasömum aðilum. Aðföng sem berast orkustöð OH (heitt vatn) takmarkar vinnslugetuna við 2MW raforkuframleiðslu að hámarki. Takmörk eru fyrir því hvað svo lág vinnslugeta réttlætir háa fjárfestingu hagnýtingaraðila í orkustöðinni. Sé litið til raforkuverða á almennum markaði eða heildsölumarkaði og mörk vinnslugetu í orkustöð m.v. fyrirliggjandi

orkuafurðir er alls ekki fyrirsjáanlegt að tillögur hagnýtingaraðila feli í sér slíkar fjárfestingar á samningstímanum að þær fari yfir 721.794.800 kr. án vsk.

Framangreind skylda á aðeins við ef fyrirkomulag við ráðstöfun orkustöðvarinnar fer fram í formi sérleyfissamnings en ekki er víst að það verði niðurstaðan í kjölfar samkeppnislýsingar þessarar. Þá er það ekki fyrirsjáanlegt að fjárfesting bjóðenda muni nema jafnháum fjárhæðum og tilgreind eru sem lágmarkfjárhæð útboðsskyldu í tilviki sérleyfissamninga skv. ofangreindu.

OH telur því hvorki fyrirsjáanlegt eða ljóst að ráðstöfun orkustöðvar falli undir gildandi lagaákvæði um útboðsskyldu. Þegar tillögur aðila liggja fyrir mun OH fara sérstaklega yfir fjárfestingamat þeirra á samningstíma, ef fyrir valinu verður tillaga við ráðstöfun orkustöðvar sem telst falla undir sérleyfissamning í skilningi útboðslaga. Slík athugun kann þá að leiða til formlegs útboðs eða tilkynninga á EES svæðinu.

2.3. Virkjanaleyfi

Samkvæmt 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 þarf leyfi ráðherra til að reisa og reka raforkuver. Þegar raforkulög tóku gildi var starfrækt raforkuver í orkstöðinni og þar fór fram raforkuframleiðsla á vegum OH. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði raforkulaga halda þeir sem við gildistöku laganna höfðu rétt til að reisa eða reka raforkuver þeim rétti, enda uppfylli þeir skilyrði raforkulaga. OH nýtur ekki formlegs virkjanaleyfis fyrir raforkuframleiðslu. Aðstaða OH fellur hins undir bráðabirgðaákvæði raforkulaga þar sem rafmagnsframleiðsla fór fram í orkustöð OH þegar raforkulögin tóki gildi. Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun er ekki unnt, þrátt fyrir að orkustöðin falli undir bráðabirgðaákvæði raforkulaga, að útiloka að hagnýtingaraðili þurfi að sækja sérstaklega um virkjanaleyfi fyrir raforkuframleiðslu í orkustöðinni. Sá ferill verður þó væntanlega viðurhlutaminni en í hefbundnu tilviki bæði í ljósi framagreinds bráðabirgðaákvæðis en jafnframt vegna þess að innviðir stöðvarinnar eru þegar til staðar. Þannig má telja einsýnt að engin ný eða frekari umhverfisröskun verður með tilkomu frekari nýtingar orkustöðvar enda berast stöðinni nú þegar orkuafurðir þær sem framleiðandi mun nýta. Ekki er þó unnt að útiloka að einhver skilyrði verði gerð af hálfu Orkustofnunar enda liggur ekki fyrir þegar lýsing þessi er gerð hvers konar tæknilausn/framleiðsluaðferð verði beitt innan orkustöðvar af hálfu hagnýtingaraðila eða OH.

3 Orkustöð Orkuveitu Húsavíkur

Í þessum kafla er leitast við að gefa greinargóða lýsingu á orkustöð OH og þeim þáttum sem lúta að orkustöðinni til upplýsinga fyrir bjóðendur við mótun tillagna sinna til OH.

3.1 Fyrirvari OH vegna núverandi starfsemi

Í samkeppnislýsingu þessari felast engar ráðagerðir um breytingu á núverandi fyrirkomulagi á eignarhaldi og/eða rekstri vatns- fráveitu og hitaveitu OH. Í orkustöð OH er búnaður og ýmis tæki auk aðstaða sem tengist rekstri hitaveitu með beinum hætti. Við ráðstöfun orkustöðvarinnar mun OH tryggja sér fullan ráðstöfunarrétt yfir og umferðarrétt um búnað og tæki auk aðstöðu þeirrar í orkustöð sem nauðsynleg er hverju sinni til rekstrar hita- vatns- og fráveitu fyrirtækisins.

Bjóðendum ber að taka tillit til þarfa OH fyrir óhindraðan aðgang að orkustöðinni vegna reksturs hitaveitu og eftir atvikum þess búnaðar og tækja vatns- og hitaveitu OH sem liggur í eða við orkustöðina. Sama gildir um umferðar- og aðgangsrétt að lóð orkustöðvar. Starfsmenn OH skulu því á hverjum tíma getað komist óhindrað að búnaði og aðstöðu orkustöðvarinnar til hvers konar athafna við búnað og tæki vatns- og hitaveitu svo og vegna viðgerða, viðhalds, eftirlits eða af öðrum ástæðum.

3.2 Lýsing orkustöðvar OH

Orkustöð Orkuveitu Húsavíkur, sem lýsing þessi tekur til, er staðsett við Hrísmóa 1, Húsavík. Um er að ræða 543,3 m² húsnæði orkustöðvarinnar með skráð byggingarár árið 2000 skv. skrá m Þjóðskrár. Húsnæðið stendur á 3.782 m² athafnalóð. Um 123 m³ miðlunartankur stendur á sérlóð við orkustöðina sem er safn- og miðlunaraðstaða OH í hitaveitustarfsemi sinni. Í húsnæði orkustöðvar er fyrir vélbúnaður tveggja Kalina framleiðslueininga ásamt ýmsum öðrum búnaði. Vélbúnaður þessi hefur verið í stöðinni frá árinu 2002. Um nánari lýsingu orkustöðvarinnar vísast til kafla 3.5. og teikninga af orkustöð í fylgiskjali með lýsingu þessari.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 fellur lóð orkustöðvar undir svæði 15 iðnaðarsvæði. Gildandi skipulagsákvæði fyrir þetta svæði segir m.a. eftirfarandi:

„Svæði fyrir iðnað og athafnastarfsemi, einkum þá sem nýtir heitt vatn eða gufu frá Orkuveitu Húsavíkur.“

Í deiliskipulagi fyrir svæðið er lóð orkustöðvarinnar skilgreind sem iðnaðarlóð. Að öðru leyti er vísað til lóðarblaða fyrir orkustöðina, deiliskipulags og greinargerðar með deiliskipulagi sem er fylgiskjal með lýsingu þessari.

Bygging orkustöðvar OH var þáttur í uppbyggingu orkuframleiðslu á vegum OH sem byggði á svokallaðri Kalina tækni og fólst í því að hagnýta lágvarmatækni til orkuframleiðslu úr heitu vatni sem berst um 16 km. aðveitulögn frá Reykjahverfi til

Húsavíkur. Ný aðveituæð sem lögð var í stað gamallar asbestæðar frá Reykjahverfi að orkustöð OH um aldamótin síðustu gerði það að verkum að nær 125°C heitt vatn varð fyrir litlu varmatapi á leið sinni. Sambland ýmissa þátta leiddu til þess að virkjun raforkuframleiðslu byggða á Kalína tækni gekk ekki sem skyldi og voru tilraunir með raforkuframleiðslu í orkustöðinni á vegum OH hætt árið 2007.

Eins og áður sagði fyrirfinnst í stöðinni tvær vélasamstæður sem byggðust á raforkuframleiðslu með Kalína tækni. Hluti af búnaði Kalína véla er í lagi og kann að geta nýst bjóðendum. Varmaskiptabúnaður sem er í stöðinni gæti mögulega nýst fyrirhugðum rekstraraðila. Þá kunna að liggja í núverandi vélasamstæðum búnaður sem getur verið nýtanlegur rekstraraðila. Eru bjóðendur hvattir til að kynna sér sjálfir núverandi búnað stöðvarinnar.

3.3 Nánar um orkuafurðir orkustöðvarinnar

Heitt vatn:

Allt frá árinu 1970 hefur forveri OH, Hitaveita Húsavíkur og nú OH annast sölu og dreifingu á heitu vatni á dreifiveitusvæði OH. Til orkustöðvarinnar berast allt að 95 l/s á hverjum tíma (afllóppar geta verið hærri) af um 120-125°C heitu vatni frá Reykjahverfi í gegnum aðveituæð OH. Orkuveita Húsavíkur nýtur einkaleyfis til að selja og dreifa heitu vatni í lögsagnarumdæmi sínu en dreifiveitusvæði þess vatns sem berst til orkustöðvar tekur til Húsavíkur, Reykjahverfis, Aðaldals og Kinnar, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 1227/2012.

Uppistaða heitavatns OH stafar frá borholum í Reykjahverfi en OH nýtur ótímabundins afnotaréttar af öllu heitavatni í landi Reykjahverfis í gegnum samninga við landeigendur í Reykjahverfi. Byggist hagnýtingarréttur OH einkum á tveimur samningum gerðum við landeigendur í Reykjahverfi í apríl 1970. Annars vegar er um að ræða samning við eigendur Garðræktarfélag Reykhverfinga, dags. 3. apríl 1970 og hins vegar samning við eigendur Bláhvamms og Laufahlíðar, dags. 2. apríl 1970 auk samkomulags við Garðræktarfélag Reykhverfinga frá 29. desember 1992. Samningar þessir eru ótímabundnir og fela í sér að OH hefur full og ótakmörkuð afnot af öllum varma þess heitavatns sem OH aflar með hagnýtingunni og samningar þessir takmarka ekki nýtingu þess varma úr heita vatninu sem ekki er nýttur til húshitunar. Samkvæmt 2. gr. samningsins við Garðræktarfélag Reykhverfinga hefur félagið haft rétt frá 1975 til að auka við starfsemi sína og taka til þess það sjálfrennandi vatn úr hverum sínum í Reykjahverfi sem nauðsynlegt er vegna slíkrar starfsemi. Takmarkast þessi heimild einungis við eigin starfsemi Garðræktarfélagins og er beiting heimildarinnar háð því að tilkynnt sé um slíka aukna töku heita vatns vegna aukinnar starfsemi a.m.k. með ársfyrirvara. Sambærileg heimild er að finna í samningi OH við eigendur Bláhvamms og Laufahlíðar, dags. 2. apríl 1970 en Garðræktarfélagið er eigandi þessara jarða í dag. Aldrei hefur komið til þess að Garðræktarfélagið hafi neitt þessarar heimildar sem tekur aðeins til vatns úr hverum en ekki borholum.

Kælivatn:

Eins og áður sagði berst til orkustöðvar sjálfrennandi heitt vatn frá Reykjahverfi um 16 km aðveituæð. Heita vatnið er kælt niður í varmaskiptum í orkustöðinni með köldu vatni úr vatnsbóli Húsvíkinga. Í ferlinu er heita vatnið kælt niður í um 80°C en OH miðar

við að hitastig í drefiveitukerfi hitaveitunnar sé ekki hærra en 80°C. Ekki er um blöndun á heitu og köldu vatni að ræða heldur kælist heitt vatn við gegnumstreymi sitt um varmaskipti. Við umrædda kælingu verður þannig til affalsvatn (kælivatn) sem að stórum hluta rennur í kælivatnstjörn við hlið orkustöðvarinnar en hluti kælivatnsins er nýttur af fiskeldinu í Haukamýri.

Rafmagn:

Framleiðsla rafmagns í orkustöð OH með Kalina tækni var hætt af hálfu OH árið 2007. Þann 6. nóvember 2009 gerðu Orkuveita Húsavíkur og RARIK samning um kaup Rarik á drefiveitukerfi OH ásamt síðarnefndu félaganna á rafdreifikerfi OH og raforkuhluta Orkuveitunnar. RARIK og Orkusalan yfirtóku þannig dreifingu rafmagns og rafmagnssölu frá og með 1. janúar 2010 á drefiveitusvæði OH. Orkustöðin og innviðir hennar skyldu þó áfram vera í eigu Orkuveitunnar.

Athygli bjóðenda er vakin á því að tengivirki RARIK vegna dreifingar á rafmagni er staðsett innan orkustöðvarinnar en svæði þetta er séraðgreint og er aðgangur að því um sérinngang. Tengivirki RARIK og aðstaða þess ætti því í engu að trufla aðra starfsemi orkustöðvar en í þessari aðstöðu kunna að liggja takmarkanir á einhvers konar hagnýtingu þar sem tryggja verður umferðarrétt að tengivirki RARIK.

Kalt vatn:

Samhliða byggingu orkustöðvarinnar var lögð ný kaldavatnslögn frá vatnsbóli Húsavíkinga að stöðinni árið 2000. Virkjað vatn í vatnsbóli er nú um 300 l/s. Við ráðstöfun orkustöðvar felast engar fyrirætlanir um breytingar varðandi vatnsveitustarfsemi OH eða búnað þess og tekur samkeppnislýsing þessi á engan hátt til vatnsveitu félagsins. Felist í framleiðsluaðferðum bjóðenda þörf fyrir aðgang að köldu vatni eru bjóðendur beðnir um að lýsa því sérstaklega í tillögum sínum og mun OH leitast við að verða við óskum um afhendingu á köldu vatni en tilhögun þess, endurgjald o.fl. er háð frekari samningum við OH.

3.4 Stöðvun á afhendingu á heitu vatni vegna viðhalds- og viðgerða

Til þess getur komið að stöðva þurfi afhendingu á heitu vatni vegna nauðsynlegra viðgerðar á aðveituæð, t.d. vegna skemmda sem verða með ófyrirsjáanlegum hætti á aðveituæð OH. Slík tilvik eru undantekningatilvik en komi þau upp felst í þeim að loka þarf tímabundið fyrir rennsli á heitu vatni. Aðstaða orkustöðvar leyfir ekki lokun í langan tíma. Aðveitukerfi OH byggir á sírennsliskerfi með takmarkaðri getu til uppsöfnunar á heitu vatni. Einu varabirgðir á heitu vatni til dreifingar á veitusvæði OH er það vatn sem rúmast í vatnsmiðlunartangi OH við orkustöðina. Þannig má ætla að slíkt rof á afhendingu heitavatns verði ávallt mjög skammvinnt og truflun á starfsemi rekstraraðila af þessum sökum því afar takmarkað. Leitast verður við að gera rekstraraðila viðvart með fyrirvara vegna slíks rofs en ekki er unnt að útiloka fyrirvaralaust rof á aðstreymi heitavatns vegna nauðsynlegrar viðgerðar.

Í tilvikum almennrar viðhaldsþarfar á aðveitulögn eða búnaði sem tengist afhendingu á heitu vatni mun OH tilkynna rekstraraðila með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara komi til þess að stöðva þurfi afhendingu til rekstraraðila á heitu vatni vegna fyrirsjáanlegs

viðhalds. Stöðvun á afhendingu á heitu vatni er sjaldnast þörf við viðhald búnaðar og tækja en ekki er unnt að útiloka slíka stöðvun.

3.5 Lýsing á innviðum orkustöðvar á Húsavík

Í þessum kafla verður leitast við að lýsa helstu tækjum og búnaði sem nú er til staðar í orkustöðinni á Húsavík. Ekki er hér tekin afstaða til ástands búnaðarins en bjóðendur hvattir til að kynna sér sjálfir og meta ástand hans.

Hverfil og rafalásamstæða (Turbine generator VT-001)

A) Hverfill:

Hlutverk samstæðu er að breyta varmaorku í raforku.

Hverfill er eins þrepa radíalhverfill með tveimur blaðróðum.

Framleiðandi	Kühne, Kopp & Kausch (KKK)
Tegund	CFR5 G5a
Snúningshraði	11.226 sn/mín
Þyngd hverfils	4.200 kg

Inntaksloki hverfils:	Þrýstingur	35,21 bara
	%NH ₃	0,9539
	Hitastig	119,1 °C
Inntak hverfils:	Þrýstingur	33,98 bara
	Hitastig	118°C
Frá hverfli:	Þrýstingur	6,25 bara

B) Rafall:

Rafall er riðstraumsrafall með burstalausri segulmögnun og sjálfvirkum spennustilli. Rafallinn er lokaður og kældur með lofti, loft er síðan kælt með loft/vatn varmaskipti.

Framleiðandi	VEM
Afköst	2.950 kVA
Spenna	6.0 kV
Spennustilling	+/- 10 %
Tíðni	50 hz
Fasar	3
Snúningshraði	1500 sn/mín
Þyngd rafala	7.800 kg

Hringrásardæla (Feed pump P-001)

Hlutverk hringrásardælu kerfis er að dæla hringrásarvökva frá forðatanki (HW-001) að varmaskiptum 1 og 2 (HE-2 og HE-3), og að sjóðara (HE-4).

Framleiðandi	Ingersoll-Dresser
Tegund	10ELL

Dælugerð	Lóðrétt þrepaðæla
Fjöldi þrepa	13
Vökvi	Blanda ammoníaks og vatns
Afköst	26,2 l/s við 488,6m lyftihæð

Þéttivökvadæla (Drain pump P-002)

Hlutverk þéttivökvadælu er að dæla þéttivökva undan varmaskipti 2 (HE-2) að eimsvölum (HE-1A og HE-1B) þar sem vökvanum er úðað inn á eimsvala.

Framleiðandi	Ingersoll-Dresser
Tegund	8EJH
Dælugerð	Lóðrétt þrepaðæla
Fjöldi þrepa	1
Vökvi	Blanda ammoníaks og vatns
Afköst	8,53 l/s við 27,4m lyftihæð

Úðadæla (Spray pump P-003)

Hlutverk úðadælu er að dæla þéttivökva undan útblásturtanki 2 (BT-001) að þar sem vökvanum er úðað inn á eimsvala.

Framleiðandi	Ingersoll-Dresser
Tegund	10ELL
Dælugerð	Lóðrétt þrepaðæla
Fjöldi þrepa	1
Vökvi	ammoníaks og vatns
Afköst	26,2 l/s við 488,6m lyftihæð

Áfyllidæla (Demineralized (DI) water make-up pump P-004)

Áfyllingardæla fyrir Kalina hringsrás. Dælir vatni frá tanki fyrir eimað vatn inn á forðatank fyrir Kalina hringrás. Einnig notuð til þess að skola ammóníaksblöndu út úr ákveðnum hluta kerfis til þess að hægt sé að framkvæma viðhaldsvinnu.

Framleiðandi	Grundfos
Tegund	Series C, model CRN 8-140
Dælugerð	Lóðrétt þrepaðæla
Fjöldi þrepa	14
Vökvi	Eimað vatn
Afköst	1,89 l/s við 122m lyftihæð

Skilja (Separator SR-001)

Hlutverk skilju er að skilja vökva frá gufu sem kemur frá sjóðara áður en hún fer inn á hverfil. Vökvi sem skilinn er frá gufu er leiddur að varmaskipti 3 þar sem hann er notaður til þess að forhita blöndu á leið sinni að sjóðara.

Inntak skilju:	Flæði	17,856 kg/s af blöndu gufu og vökva
	Þrýstingur	35,23 bara
	Hitastig	119,2 °C

Að hverfil: Flæði 13,472 kg/s af gufu

Að varmaskipti 2: Flæði 4,384 kg/s af vökva

Eimsvalar (Condensers HE-1A & 1B)

Eimsvalar þetta gufu sem kemur frá hverfli eftir að hún er búin að fara í gegnum varmaskipti 2. Eimsvalar eru tveir og nota þeir vatn frá vatnsbóli Húsavíkurbæjar til þess að þetta gufu. Eftir að gufa er orðin að vökva fer sá vökvi í forðatank kerfis. Eimsvalar eru plötuvarmaskiptar.

Framleiðandi	APV Americas
Tegund	B158L MGS-12c
Gerð	Plötuvarmaskiptir
Efni	316 ryðfrítt stál
Fjöldi platna	240 stk.
Hámarksfjöldi platna	352 stk.
Pakkningarefni	EPDM
Yfirborðsflatarmál platna	754,4 m ²
Þyngd varmaskiptis (tómur)	7.179 kg
Þyngd varmaskiptis (fylltur)	10.594 kg
Afköst	7.207.677 W

	Heita hlið (Kalina hringrás)	Kalda hlið
Vökvi	82,12% NH ₃ /H ₂ O	Kælivatn
Flæði	8,149 kg/s	85 kg/s
Hitastig inn	37,6 °C	5,0 °C
Hitastig út	12,4 °C	25,3 °C
Þrýstifall	5,52 kPa	20,7 kPa
Hönnunarþrýstingur	12 bar	6,89 bar

Varmaskiptir 2 (Low temperature LT recuperator HE-2)

Varmaskiptir 2 forhitar vökva sem er á leið frá forðatank að varmaskipti 3. Til þess er notaður afgangsvarmi úr blöndu gufu og vökva frá hverfli og vökva frá varmaskipti 3.

Framleiðandi	Muller Heat Transfer Products
Tegund	Hybrid
Gerð	Plötuvarmaskiptir
Efni í plötum	304 Ryðfrítt stál
Flatarmál platna	137 m ² .
Efni í húsi	Kolefnisstál
Þyngd varmaskiptis (tómur)	5.500 kg
Þyngd varmaskiptis (fylltur)	7.700 kg
Afköst	2.831.430 W

	Heita hlið	Kalda hlið
Vökvi	82,12% NH ₃ /H ₂ O	82,12% NH ₃ /H ₂ O
Flæði	16,3 kg/s	16,3 kg/s
Hitastig inn	53,7 °C	13,3 °C
Hitastig út	37,8 °C	50,9 °C
Þrýstifall	6,2 kPa	90 kPa
Hönnunarþrýstingur	12 bar	44,8 bar

Varmaskiptir 3 (High temperature (HT) recuperator HE-3)

Varmaskiptir 3 forhitar vökva sem er á leið frá varmaskipti 2 að sjóðara. Til þess er notaður afgangsvarmi frá vökva sem kemur undan skilju.

Framleiðandi	Engineers & Fabricators, Co. (EFCo)
Tegund	10-396-505 NEN
Gerð	Röravarmaskiptir
Efni í rörum	Kolefnisstál
Fjöldi röra	95
Yfirborðsflatarmál röra	46,9 m ²
Efni í húsi	Kolefnisstál
Þyngd varmaskiptis (tómur)	1.542 kg
Þyngd varmaskiptis (fylltur)	2.041 kg
Afköst	1.360.600 W

	Heita hlið	Kalda hlið
Vökvi	47,16 % NH ₃ /H ₂ O	82,12% NH ₃ /H ₂ O
Flæði	4,28 kg/s	16,3 kg/s
Hitastig inn	123 °C	50,4 °C
Hitastig út	68,4 °C	68,4 °C
Þrýstifall	21 kPa	34 kPa
Hönnunarþrýstingur	44,8 bar	44,8 bar

Sjóðari (Evaporator HE-4)

Hlutverk sjóðara er að hita upp og sjóða hringrásar vökva til þess að framleiða gufu fyrir hverfil. Sjóðari nýtir varma úr hitaveituvatni frá Hveravöllum til þess að hita upp hringrásar vökva.

Framleiðandi:	Engineers & Fabricators, Co
Tegund:	42-576-43180 NFN
Gerð:	Röravarmaskiptir
Efni:	Kolefnisstál
Fjöldi röra	2.236 stk.
Þyngd varmaskiptis (tómur)	33.764 kg

Þyngd varmaskiptis (fylltur)	45.714 kg
Afköst	16.568.600 W

	Kalda hlið (Kalina hringrás)	Heita hlið
Vökvi	82,12% NH ₃ /H ₂ O	Hitaveituvatn
Flæði	16,3 kg/s	90 kg/s
Hitastig inn	68,3°C	124°C
Hitastig út	121°C	80°C
Þrýstifall	48kPa	69kPa
Hönnunarþrýstingur	44,8bar	13,8bar

Forðatankur (Hotwell HW-001)

Forðatankur tekur við vökva sem þéttist í eimsvölum og sér hringrásardælu fyrir vökva. Stærð forðatanks er nógur til þess að fylla sjóðara af nauðsynlegu magni af vökva þannig að hægt sé að gangsetja virkjun.

Tegund	Lárétt þrýstihylki
Heildarrúmmál	12.960 L
Efni	Kolefnisstál
Efnisþykkt	14 mm
Hönnunarþrýstingur	14 bar
Hönnunarhitastig	120 °C
Þvermál tanks	1.600 mm
Lengd tanks (milli suðubotna)	6.000 mm
Heildarlengd tanks	6.950 mm
Þyngd tanks	4.625 kg

Forðatankur fyrir ammóníak (Anhydrous ammonia storage tank)

Hlutverk forðatanks fyrir ammóníak er að geyma ammóníak þannig að hægt sé að bæta því á kerfi og stilla af styrk þess í kerfisvökva. Dæla til þess að fylla á kerfi fylgir tank.

Tegund	Lárétt þrýstihylki
Heildarrúmmál	3.785 L
Efni	Kolefnisstál
Efnisþykkt	12,8 mm
Hönnunarþrýstingur	18,3 bar
Hönnunarhitastig	46 °C
Þvermál tanks	1.219 mm
Lengd tanks (milli suðubotna)	2.997 mm
Heildarlengd tanks	3.696 mm
Þyngd tanks	1.130 kg

Forðatankur fyrir eimað vatn (Demineralized (DI) water storage tank DWT-001)

Hlutverk forðatanks fyrir eimað vatn er að hafa tilbúinn forða af eimuðu vatni þannig að hægt sé að fylla á kerfi. Nauðsynlegt er að hafa forða á staðnum þannig að hægt sé að stilla af styrk ammóníaks í kerfi. Einnig getur verið nauðsynlegt að hafa eimað vatn til staðar til þess að hægt sé að skola út einstaka hluta kerfis þannig að hægt sé að vinna við viðhald.

Tegund	Lóðrétt hylki
Heildarrúmmál	6.000 L
Efni	HDPE
Hönnunarþrýstingur	Andrúmsloftsþrýstingur
Hönnunarhitastig	40 °C
Þvermál tanks	1.600 mm
Heildarhæð	3.110 mm
Heildarlengd tanks	3.696 mm

Útblásturstankur (Blowdown tank BT-001)

Útblásturstankur tekur við ammóníaksblöndu frá hinum ýmsu öryggislokum, aflöftunum og áspétti hverfils. Útblásturstankur er fylltur til hálfis af vatni sem að dregur í sig ammóníak. Pípulögn frá búnaði sem tengdur er í tank opnast inn í tank undir vatnsborði. Í þaki tanks eru úðarar sem úða vatni inn í tank, úðadæla hringrásar vatni frá tanki í gegnum úðara.

Tegund	Lóðrétt hylki
Heildarrúmmál	32.200 L
Rúmmál vatns	16.100 L
Efni	Kolefnisstál, epoxymálaður að innan
Efni í úðurum	Ryðfrítt stál
Hönnunarþrýstingur	+/- 2,5 kPa
Hönnunarhitastig	66 °C
Þvermál tanks	2.755 mm
Heildarhæð	5.494 mm


3.6 Veitukerfi

3.6.1 Aðveituæð Hveravellir-Orkustöð

Aðveituæð frá Hveravöllum að Orkustöð er um 16 km löng DN 400 stálpípa, einangruð með polyurethan og er í ø560 plastkápu. Hönnun aðveituæðarinnar miðast við að hún geti flutt 130 °C heitt vatn. Hún er hitaforspennt með upphitunarþönum og voru þanar stilltir þannig að hún er spennulaus við 70 °C.

Rennsli í æðinni ræðst af þörfinni fyrir heitt vatn til rafmagnsframleiðslu eða aðra notkun í orkustöð og er því stýrt af stjórnlokum í stöðinni.

Kólnun á vatni í aðveituæð er um 3 °C við rennsli upp á 95 l/s, hitastig vatns er því um 121 °C við inntak í orkustöð við þetta rennsli.



Mynd 1. Aðveituæð, langsníð og þrýstilína.

3.6.2 Afhending vatns á hitaveitukerfi

Þegar raforkuframleiðsla er í gangi þá er vatn frá Hveravöllum kælt í varmaskipti rafstöðvarinnar úr 120 °C í um það bil 80 °C og er leitt þaðan í miðlunargeymi. Frá geyminum streymir vatnið eftir stofnæð hitaveitunnar í gegnum orkustöðina til Húsavíkur og inn á dreifikerfið í bænum. Þar er 80°C vatnið nýtt til húshitunar og til almennrar notkunar á dreifiveitusvæði OH. Ef vatnshitinn er undir 80°C er blandað inn á stofnæðina 120°C vatni þannig að hiti á framrennsli til Húsavíkur er ávallt 80°C. Þeirri blöndun er stýrt með hitastýrðum stjórnloka. Þörfin fyrir 80°C vatn inn á dreifikerfið er breytileg og er umframvatnið leitt um yfirfall í miðlunargeyminum í frárennislögn orkustöðvarinnar þar sem það blandast kælivatninu frá eimsvala rafstöðvarinnar. Ef nægilegt 80°C vatn kemur ekki frá rafstöðinni, t.d. að hún sé ekki í gangi vegna viðhalds eða álags á hana er viðbótarvatn kælt úr 120°C í 80°C í sérstökum varakæli. Frá árinu 2008 hefur varakælir orkustöðvarinnar verið nýttur til þess að kæla vatn úr 120°C í 80°C inn á dreifikerfi bæjarins. Umræddur varakælir er hluti af eignum hitaveitukerfis OH.



Mynd 2. Tenging Orkustöðvar við hitaveitukerfi Húsavíkurbæjar

3.7 Kælivatns- og frárennslisveita

Kælivatn fyrir orkustöðina er tekið úr vatnsbólum Húsavíkur og er leitt að orkustöð um 3,1 km leið í PEH plastpípu. Fyrstu 1,8 km frá vatnsbólunum er pípuviddin $\varnothing 400$, en stækkar síðan í $\varnothing 450$. Hámarksrennslisvatns sem unnt er að fá frá vatnsbólunum er um 200 l/s og hitastig þess er um $4\text{ }^{\circ}\text{C}$.

Í orkustöðinni hitnar kælivatnið í eimsvölum virkjunarinnar þegar hún er í gangi, eða neyðarkæli þegar rafmagnsframleiðsla liggur niðri, þaðan er kælivatnið leitt í frárennslisveitu. Hluti af kælivatninu sem fer í frárennslisveitu er leitt að fiskeldinu í Haukamýri.

3.8 Vinnslusvæði á Hveravöllum

Hér að neðan er yfirlitsmynd af vinnslusvæðinu á Hveravöllum. Á myndinni kemur meðal annars fram staðsetning borholna og hvera. Þrjár borholur eru virkjaðar fyrir orkustöðina, holur H1, H10 og H16.



Mynd 3. Yfirlitsmynd af vinnslusvæði á Hveravöllum


Úr hverum á svæðinu koma um 34 l/s af 100 °C heitu vatni. Það vatn er nýtt fyrir gróðurhús á Hveravöllum, hitaveitu í Aðaldal og Kinn, hitaveitu í Reykjahverfi og fiskeldi á Laxamýri.

Vatn úr holum H1, H10 og H16 fer í gasskilju í tengihúsi á Hveravöllum áður en það er leitt að Orkustöð í aðveituæð. Gas frá skiljunni er að mestu köfnunarefni, N₂, en einnig lítilsháttar H₂S. Gasinu er sleppt út í andrúmsloftið og á útstreyminu er stjórnloki sem heldur þrýstingi á skiljunni og fæst best afgösun með þrýstingi sem er rétt við suðumark borholuvatnsins.

Samtals afkasta þessar þrjár holur um 95 l/s við 2.5 bara mótþrýsting, hitastig vatns er um 124 °C.

Tafla 1. Afköst borholna

Borholur	Streymi, l/s	Hiti, °C
Hola H1	26	128
Hola H10	61	124
Hola H16	8	115
Holur H1 og H10	87	125
Holur H1, H10 og H16	95	124



Mynd 4. Afkastaferill vinnsluhola

4 Áherslur Orkuveitu Húsavíkur við ráðstöfun orkustöðvarinnar

Í þessum kafla er leitast við að gefa nánari upplýsingar varðandi nokkra mikilvægustu þættina sem snúa að ráðstöfun orkustöðvar og bjóðendur þurfa að taka tillit til við tillögugerð sína til OH. Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða á þeim atriðum sem litið verður til við mat á eintökum tillögum. Í kjölfar innkominna tillagna og mats á þeim munu eiga sér stað samningaviðræður sem miða að nánari útfærslu og skilmálum á öllum þáttum sem lúta að samningi aðila við OH um rekstur orkustöðvar að því gefnu að ekki þurfi að fara fram sérstakt útboð sbr. fyrri umfjöllun.

4.1 Framleiðsluaðferðir

Orkuveita Húsavíkur hefur skynjað áhuga ýmissa aðila á frekari hagnýtingu orkustöðvar félagsins. Tillögur og hugmyndir þessara aðila varðandi frekari nýtingu á orkustöð OH eru margs konar en lúta einkum að framleiðslu raforku með tæknilausnum sem byggja á lágvarma. Ljóst er að aðferðir til framleiðslu raforku með þeim auðlindum sem berast stöðinni geta verið af ýmsum toga. Þá er ekki útilokað að einhvers konar samnýting á heitu og köldu vatni skapi möguleika til frekari nýtingar á þeim auðlindum sem berast henni í gegnum þá innviði sem að stöðinni liggja.

Orkuveita Húsavíkur útilokar ekki eina framleiðsluaðferð eða tæknilausn umfram aðra og óskar eftir tillögum bjóðenda óháð aðferðum. Gæði og tæknilegir möguleikar einstakra framleiðsluaðferða eru þó breytilegir og sumar framleiðsluaðferðir henta betur í orkustöð OH en aðrar. Þannig geta bjóðendur lagt til algerra uppstokkun framleiðslubúnaði í orkustöðinni þar sem öllum núverandi búnaði er fargað eða seldur en jafnframt er OH reiðubúið að skoða tillögur sem gera ráð fyrir uppfærslu eða hagnýtingu núverandi tækjabúnaðar með Kalina tækni þar sem innviðir núverandi búnaðar eru nýttir með viðgerðum og endurbótum.

4.2 Fyrirkomulag við ráðstöfun orkustöðvarinnar – Leið 1 til 4.

Í lýsingu þessari er lagt upp með fjórar leiðir við ráðstöfun orkustöðvar. Leiðirnar gera ýmist ráð fyrir fullri ráðstöfun orkustöðvar til hagnýtingaraðila sem og ráðstafana sem ganga skemur en fullt framsal eignarréttinda að stöðinni í formi leigu eða annarra tímabundina afnotaréttinda eða að einungis sé lögð fram tillaga um kaup og uppsetningu á tæknilausn til raforkuframleiðslu þar sem tryggð skal virkni lausnarinnar fyrir afhendingu en orkustöðin verði áfram rekin af OH.

Leið 2 felur í sér fullt framsal á stöðinni til rekstraraðila gegn aðgangs- og umferðarrétti vegna starfsemi stöðvarinnar sem er OH nauðsynlegur. Með slíku framsali getur bjóðandi tryggt sér eignarhald yfir stöðinni og þannig nýtt hana sem andlag til fjármögnunar á því verkefni sem tillaga hans gerir ráð fyrir. OH gerir hins vegar skýran áskilnað um að slík ráðstöfun/framsal á orkustöðinni tryggji með fullnægjandi hætti að uppgreiðsla lána og annarra kvaða sem þinglýst verði á orkustöðina af hálfu rekstraraðila séu uppgreiddar og aflýstar eða aflýsanlegar við lok þess ráðstöfunartíma sem OH og rekstraraðili hafa samið um við upphaf verkefnis rekstraraðila.

Samkvæmt leið 1 getur ráðstöfun orkustöðvarinnar einnig byggst á tímabundnum samningi sem gerir ekki ráð fyrir fullu framsali orkustöðvarinnar til rekstraraðila, t.d.

með leigusamningi eða annarri tímabundinni ráðstöfun. Hvort sem ráðstöfunin verði með fullu framsali eða með afnotarétti rekstraraðila skal þó alltaf tryggt að ráðstöfunin sé tímabundinn í þeim skilningi að endurheimturéttur OH fyrir orkustöðinni og öllum þeim búnaði og tækjum sem rekstraraðili hefur komið fyrir ásamt allri starfsemi rekstraraðila í stöðinni, þ.m.t. gildir orkusölusamningar, gangi til OH við lok samningsaðila um verkefnið.

Þá útilokar OH heldur ekki þann möguleika að eiga aðild að félagi með viðkomandi hagnýtingaraðila á grundvelli tillögu sem lögð yrði fram af bjóðanda, sbr. leið 3. Slíkur möguleiki er þó háður vel útfærðri tillögu með skýrt afmarkaða verkskiptingu, stjórnun og skýra afmörkun á framlagi hvers og eins í sjálfstæðu félagi um verkefnið.

Í tilvísun til leiða 1, 2, 3 og 4 felst ekki vísbending um mikilvægisröð einstakra leiða við ráðstöfun orkustöðvar. Þannig verður litið jafnt til tillagna undir leið 1, 2, 3 eða 4 við yfirferð þeirra. Ljóst má þó vera að ýmsir kostir og gallar kunna að fylgja hverri af þeim fjórum leiðum við ráðstöfun orkustöðvar OH sem sett er fram með samkeppnislýsingu þessari.

Sérstaklega skal þess getið að bjóðendur geta vitaskuld lagt fram tillögur undir fleiri en einni leið. Þannig getur einn og sami bjóðandi lagt fram tillögur undir leið 1,2,3 og/eða 4 allt eftir ákvörðun hvers bjóðanda fyrir sig. Ákveði bjóðandi að leggja fram fleiri en eina tillögur undir þeim mismunandi leiðum sem OH kallar eftir er gerð krafa um að lögð sé fram sjálfstæð tillaga með sjálfstæðri lýsingu undir hverri þeirri leið sem bjóðandi velur að leggja fram tillögu enda eru leiðirnar 4 ólíkar af inntaki og eðli. Ekki er því nægjanlegt að leggja fram eina tillögu með vísan til þess að hún gildi fyrir hverja af leiðum 1-4.

Rétt er að lýsa hér frekar þeim fjóru leiðum við ráðstöfun orkustöðvar sem tillögur bjóðenda geta byggst á en vísað er einnig til lýsingar í kafla 1.1.:

4.2.1 Leið 1 – Tímabundið framsal/afnotaréttur á orkustöð til hagnýtingaraðila með kvöð um afhendingu uppbyggingar.

Orkustöðin er leigð eða framseld með tímabundnu fyrirkomulagi til hagnýtingaraðila. OH veitir þá hagnýtingaraðila tímabundinn rétt til nýtingar á innviðum orkustöðvarinnar og aðgang að þeim aðföngum sem unnt er að nýta til frekari orkuvinnslu en nú er gert, eftir nánari skilmálum, í tímabundnum samningi milli OH og þess hagnýtingaraðila sem OH velur og samningar nást við. Samningur aðila kveður á um afnotarétt og endurgjald á hluta þess varma sem hagnýtingaraðili nýtir í sinni framleiðslu og berst orkustöð vegna hitaveitustarfsemi OH.

Mælt verði fyrir um frekari skilmála fyrir leigu stöðvarinnar í samningi aðila. Í slíkum samningi verða kvaðir um afhendingu stöðvarinnar við lok leigutíma með þeim eignum og gæðum, þ.m.t. tækjum og framleiðslubúnaði hagnýtingaraðilans, sem finna má í orkustöðinni og tengjast orkuframleiðslu hans. Þannig öðlast OH allan eignarétt að framleiðslubúnaði sem hagnýtingaraðili hefur sett upp, virkunarleyfi og rétt til frekari raforkuframleiðslu. Með hliðsjón af ofangreindum kvöðum verði samið um leiguverð í viðræðum við bjóðanda.

Í samningi aðila munu koma fram allar nauðsynlegar kvaðir til að tryggja fullan og ótakmarkaðan forgangsrétt OH vegna hita-vatns- og fráveitustarfsemi OH auk aðgangs að búnaði þeirrar starfsemi.

4.2.2 Leið 2 – Kaup hagnýtingaraðila á orkustöð með einhliða rétti OH til endurkaupa síðar fyrir tiltekið verð.

Þessi leið gerir ráð fyrir tillögum þar sem fram fer fullt framsal á orkustöðinni til hagnýtingaraðila. Slíkt framsal verður þó háð ýmsum takmörkunum þar sem fyrir er í stöðinni búnaður og tæki sem nauðsynlegur er hita- og vatnsveiturekstri OH og því þarf ávallt að tryggja OH fullan og ótakmarkaðan aðgangs- og umferðarrétt um stöðina. Í þessari leið felst þá að okustöðin verður seld hagnýtingaraðila til raforkuframleiðslu en OH á einhliða og óafturkræfan kauprétt á stöðinni fyrir tiltekið verð. Verður þá gerður sérstakur samningur um afnotarétt á varma til hagnýtingaraðilans sem geymir öll nauðsynleg ákvæði til tryggingar núverandi starfsemi á sviði hita-vatns og fráveitu í orkustöðinni auk forgangsréttar á heitu vatni til hitaveitustarfsemi. Í tillögum skal sérstaklega kveðið á um einhliða og óafturkræfan rétt OH til endurkaupa (kauprétt) á stöðinni eftir tiltekin tíma en réttur OH skal þó virkjast aldrei síðar en 20 árum frá kaupsamningi. Skal endurkaupsverð og skilmálar þess vera tilgreint í tillögum aðila. Fyrirkomulag kaupréttar OH getur verið á tilteknu árabili t.d. á 5-10 ára fresti eða hann virkjast á fimm ára fresti í ótímabundnum kaupsamningi eða eftir öðru fyrirkomulagi samkvæmt tillögu sem lögð er fram. Innan tiltekinna ára skal þó gert ráð fyrir að OH öðlist einhliða og óafturkræfan rétt til að fá stöðina framselda til sín með þeim eignum og gæðum, þ.m.t. tækjum og framleiðslubúnaði hagnýtingaraðilans, sem finna má í orkustöðinni og þá eftir atvikum fyrir tiltekið endurgjald sem útlistað skal frekar í tillögum bjóðenda.

Segja má að ferlið í leið 1 og 2 hér að ofan megi lýsa með eftirfarandi hætti:

- a) Hagnýtingaraðili tekur við orkustöðinni og innviðum hennar, byggir upp orkustöðina m.t.t. frekari hagnýtingar á orkulindum sem berast stöðinni á eigin kostnað og áhættu;
- b) hagnýtingaraðili rekur stöðina í umsaminn tíma til endurheimtu á kostnaði við uppbyggingu orkuframleiðslu ásamt fjármagnskostnaði og eðlilegri arðsemiskröfu og;
- c) við lok rekstrartíma öðlast OH rétt til framsals og yfirtöku á stöðinni með þeim búnaði og framleiðsluaðferð sem byggð hefur verið upp í stöðinni.

Hvort sem aðilar leggja upp tillögur sína á grundvelli leiðar 1 eða 2 telur OH að þær aðferðir geti mætt þeim markmiðum OH með lýsingunni að tryggja bjóðendum eðlilegan rekstrargrundvöll fyrir starfsemi sinni í orkustöðinni en samhliða tryggja OH rétt til þess að taka við orkustöðinni og þeirri framleiðslu sem sett hefur verið upp eftir eðlilegan rekstrartíma bjóðanda.

4.2.3 Leið 3 – Sameiginlegt verkefni hagnýtingaraðila og OH við uppbyggingu og rekstur orkuframleiðslu.

Ráðstöfun orkustöðvar fari fram í gegnum sameiginlegt verkefni OH og viðkomandi aðila þannig að stofnaður verði sérstakur lögaðili utan um verkefnið þar sem fram koma skilgreind og vel afmörkuð framlög hvors aðila. Verkefnið felst þá í uppsetningu eða endurnýjun framleiðslueiningar í orkustöð til framleiðslu á raforku og rekstri hennar. Tillögur verða að geyma fullnægjandi upplýsingar um útfærslu samstarfs þar sem framlög hvors aðila eru vel skilgreind og afmörkuð. Eins þarf að skilgreina réttindi og skyldur hvors aðila, skiptingu hagnaðar o.s.frv. Tillögum þarf að fylgja upplýsingar um öll önnur nauðsynleg atriði svo meta megi tillögu með réttmætum hætti og það fyrirkomulag sem lagt er til við sameiginlegan rekstur. Tillögum þarf að fylgja greinargóðar upplýsingar um kostnað af viðkomandi lausn ásamt upplýsingum um kostnað við uppsetningu framleiðsluaðferðar. Rekstraráætlanir fyrir sameiginlegan rekstur eru æskilegar.

4.2.4 Leið 4 – Tilboð til OH um kaup og uppsetningu tæknilausnar til orkuframleiðslu í orkustöð sem OH rekur.

Í þessari leið felst að aðilar leggja fram tillögur að tæknilausn til framleiðslu raforku í orkustöð ásamt uppsetningu slíkrar lausnar. Framlagðar lausnir þurfa að byggja á raforkuframleiðslu með lágvarma þar sem hluti þess varma sem berst orkustöð er nýttur til raforkuframleiðslu áður en heitavatni er dreift á dreifiveitusvæði OH.

Í tillögum þarf að felast að bjóðandi setji alfarið sjálfur upp lausnina og sannreyni hana með viðhlítandi hætti og sýni OH fram á virkni hennar áður en af afhendingu verður. Leið 4 gerir ráð fyrir að OH reki orkustöðina eftir afhendingu enda sé þá ljóst að framleiðsluaðferðin virkar. Tillögum þarf að fylgja verðtilboð í tæknilausn/framleiðsluaðferð, uppsetningu hennar og alla aðra kostnaðarþætti sem nauðsynlegir eru til að meta tillögur einstakra bjóðenda með fullnægjandi hætti.

4.2.5 Skattalegar afleiðingar einstakra leiða við ráðstöfun orkustöðvar

Athygli bjóðenda er vakin á því við mótun tillagna sinna að gæta að þeim skattalegu áhrifum sem eintakar ráðstöfunarleiðir (þ.e. leiðir 1-3) geta haft í för með sér. Óháð því hvort ráðstöfunin fari fram með leið 1, 2 eða 3 geta tillögur bjóðenda falið í sér óskir um veitingu veðleyfa í orkustöðinni og búnaði hennar eða einhvers konar form af ábyrgð til lánveitanda hagnýtingaraðila. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér skattaleg álitamál. Hvort sem ráðstöfun orkustöðvar muni felast í afnotarétti eða eignarrétti hagnýtingaraðila á orkustöðinni þarf slík ráðstöfun að styðjast við eðlilegt endurgjald. Ef ekki kæmi til eðlilegt endurgjald geta skattyfirvöld nýtt heimild til að líta svo á að skattskyldar tekjur myndist hjá hagnýtingaraðilanum, enda er ekki um starfsemi að ræða sem er undanþegin tekjuskattskyldu, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Hagsmunir hagnýtingaraðila geta því verið miklir af því að fyrirhuguð verkefni standist skattalega þætti. Bjóðendur geta þó einnig kosið að gera tillögur sínar til OH með fyrirvara um nánari útfærslu vegna skattalegra þátta við samningsgerð. Bjóðendur þurfa að standa straum af kostnaði vegna aðstoðar sérfræðinga varðandi álitamál er

verða þeirra hlið útfærslunnar en OH mun standa straum af kostnaði eigin sérfræðinga vegna þeirra álitamála er snúa að OH.

Hvort sem um verður að ræða ráðstöfun á orkustöðinni eftir leið 1, 2 eða 3 sé leið 4 ekki valin kunna mögulegar ábyrgðar- og veðleyfisveitingar að þurfa að styðjast við greiðslu ábyrgðargjalds til handa OH. Slíkt þarf að meta þegar einstakar tillögur liggja fyrir. Í samningi aðila verður einnig að tryggja að OH fái að loknum umsömdum afnota-/nýtingartíma þau tæki og þann búnað sem sett verða upp af hagnýtingaraðila í orkustöðinni. Afmörkun á fjárhæð ábyrgðargjalds hagnýtingaraðila þarf því að afmarka og hafa í huga við gerð tillagna en sé litið til þekktra fyrirmynda má ætla að ábyrgðargjald kunni að nema um 1-3% til viðbótar við þá fjárhæð sem hagnýtingaraðilinn greiðir fyrir innviði orkustöðvar OH á samningstímanum.

4.3 Tímalengd samnings við hagnýtingaraðila

OH gerir skýran áskilnað um að ráðstöfun orkustöðvar félagsins til frekari orkuframleiðslu mun í öllum tilvikum verða tímabundinn. Miðar OH við að tímalengd samnings verði ekki meiri en 20 ár nema sérstakar ástæður mæli til annars og lengri tíma. Tímalengd samnings er mikilvægur þáttur við fyrirhugaða ráðstöfun orkustöðvar og gerir OH skýran fyrirvara um að sú tímalengd sé bundin eðlilegum tímamörkum. Ræðst tímalengd fyrirhugaðs samnings við rekstraraðila af ýmsum þáttum, einkum af þeirri orkuframleiðsluáferð sem valin verður, rekstrarlegum forsendum bjóðandans og endanlegum samningi milli OH og rekstraraðila bjóðanda. OH miðar þó við að tímalengd samnings sé ekki meiri en 20 ár nema sérsakar ástæður mæli til annars eins og áður sagði.

4.4 Bókfært virði orkustöðvar OH

Orkustöð OH er virðismetin í ársreikningi OH. Bókfært virði orkustöðvar OH miðað við 2017 er um 40 mkr. Orkustöðin er afskrifuð í samræmi við viðurkenndar afskriftarreglur í ársreikningi OH hverju sinni.

Við ráðstöfun orkustöðvarinnar skv. leið 1-3 miðar OH við að ekki komi til frekari kostnaðar af hálfu OH vegna stöðvarinnar en orðið er.

5 Kröfur sem gerðar eru til bjóðenda

Í kafla þessum koma fram þau skilyrði sem OH gerir til bjóðenda svo sem kröfur um hæfni þeirra gagnvart verkefninu, fjárhagsleg skilyrði o.fl. Með eftirfarandi skilyrðum er leitast við að tryggja að tiltekin lágmarksgeta sé til staðar til að takast á við það verkefni að eiga og reka framleiðslueiningu fyrir raforku á Íslandi og að bjóðendur uppfylli þau skilyrði sem lög og reglur gera til framleiðenda og seljenda raforku og eftir atvikum til aðila sem stunda annars konar orkuframleiðslu, ef tillögur bjóðenda gera ráð fyrir einhvers konar aukaafurðum til viðbótar við raforkuframleiðslu í orkustöð OH.

5.1 Lögaðilar

Orkuveita Húsavíkur áskilur að bjóðendur séu skráðir lögaðilar og lúti skipulagsheild viðurkennda að lögum á Íslandi og innan Evrópska Efnahagssvæðisins. Bjóðendur skulu vera reiðubúnir að afhenda OH stofngögn sín, gildandi samþykktir bjóðenda og opinberar staðfestingar á lögmætri skráningu sinni og/eða leyfum sem bjóðandi nýtur réttinda yfir ef þess verður óskað, eftir að bjóðandi hefur skilað inn tillögu. Sjá einnig grein 5.6.

5.2 Upplýsingar um hæfi bjóðenda og tæknilegra lausna

5.2.1 Almennt um mat á hæfi

Gerðar eru hæfiskröfur til bjóðanda hvað varðar fjárhagsstöðu, reynslu og tæknilega getu. Jafnframt skal bjóðandi geta sýnt fram á að lagaleg skilyrði fyrir rekstri hans og framleiðslu séu til staðar auk annarra þeirra þátta og atriða sem nauðsynlegt er að bjóðandi sýni fram á þegar um er að ræða langtímaráðstöfun á innviðum til raforkuframleiðslu. Áskilur OH sér rétt til að hafna tillögu ef bjóðandi nær ekki þeim skilyrðum sem sett eru.

Ef tveir eða fleiri aðilar bjóða sameiginlega í verkið, þá skal hvor eða hver þeirra um sig láta í té tæmandi upplýsingar um sitt fyrirtæki.

Bjóðendur skulu skýra í tillögu sinni hvernig þeir mæta neðangreindum skilyrðum um hæfi og skal bjóðandi hafa uppfyllt þær aldrei síðar en við skilafrest tillagna skv. samkeppnislýsingu þessari.

5.2.2 Fjárhagslegt hæfi

- a. Eiginfjárlutfall bjóðanda skal að lágmarki vera 25%.
- b. Eigið fé bjóðanda skal vera að minnsta kosti 30 milljónir króna skv. síðasta ársreikningi bjóðanda.

5.2.3 Tæknilegt hæfi

Bjóðendur verða að geta sýnt fram á getu og hæfni sína til að framkvæma með áreiðanlegum og öruggum hætti þá framleiðsluaðferð og lausnir sem tillaga þeirra til OH byggir á. Skulu bjóðendur láta fylgja tillögum sínum öll þau gögn sem nauðsynleg eru til að meta alla tæknilega þætti tillögu þeirra, áreiðanleika hennar og aðra þætti

svo OH öðlist nægjanlega vissu fyrir áreiðanleika lausnar bjóðanda og áreiðanleika bjóðanda til að framkvæma lausnina.

5.2.4 Lagalegt hæfi

Bjóðendur skulu geta sýnt fram á að þeir uppfylli öll skilyrði til að fá öll þau opinberu leyfi, vottanir og aðrar staðfestingar sem nauðsynlegar eru og gilda á Íslandi og eftir atvikum á Evrópska Efnahagssvæðinu í tengslum við þá starfsemi, framleiðsluáferð, framleiðslu, sölu eða aðra þætti sem fram koma í tillögu viðkomandi bjóðanda. Við val á bjóðanda mun OH gera sérstaka athugun á því hvort bjóðandi uppfylli öll lagaleg skilyrði til reksturs og hagnýtingar þeirrar lausnar og framleiðsluáferðar sem tillaga hans gengur út á. OH áskilur sér þannig rétt til sjálfstæðrar athugunar á ofangreindu eða að láta þriðja aðila á sínum vegum framkvæma slíka athugun.

Áskilið verður og fyrirvari um það gerður af hálfu OH að sá bjóðandi sem valin verður hafi aflað sér allra tilskilanna leyfa skv. lögum og reglugerðum vegna reksturs síns í orkustöð OH áður en samningur aðila tekur að fullu gildi.

5.3 Samstarfsfyrirtæki/Samstarfsaðili

Ef tvö eða fleiri fyrirtæki bjóða sameiginlega í verkið, þá skal eitt fyrirtækið vera forsvarsaðili gagnvart OH. Forsvarsaðili er háður samþykki OH.

Aðilar að sameiginlegri tillögu til OH skulu bera ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn (in solidum) á öllum skuldbindingum samkvæmt þeim samningi sem gerður yrði í slíku tilviki.

Forsvarsaðili skal sanna með skriflegri yfirlýsingu að hann hafi fulla og ótakmarkaða heimild og umboð til þess að koma fram fyrir hönd þeirra eða hvers þeirra um sig, þannig að bindandi sé á grundvelli framangreindrar ábyrgðarreglu.

5.4 Fjármögnun verkefnisins

Samkeppnislýsing þessi lýsir verkefni sem felur í sér talsverða fjárfestingu í uppbyggingu tækja og búnaðar í orkustöð OH og eftir atvikum fjárfestingu í endurbótum á þeim búnaði sem fyrir er í orkustöðinni. Þá kallar verkefnið á ýmsan annan stofnkostnað fyrir hagnýtingaraðila. Aðstaða verkefnisins kallar því væntanlega á viðunandi fjármögnun fyrir hagnýtingaraðila.

OH gerir ekki kröfur til þess að fjármögnun bjóðenda liggja endanlega fyrir við framlagningu tillagna á grundvelli samkeppnislýsingar þessarar. Bjóðendur, sem fjármagna þurfa verkefnið, verða þó að hafa forkannað kosti fjármögnunar og afmarkað helstu skilyrði sem fjármögnunaraðilar gera gagnvart verkefnum þeirra og tillagna sem þeir leggja inn til OH. Upplýsingar um fjármögnun og kjör hennar þurfa að koma fram í tillögu/tillögum bjóðenda.

Í viðræðum OH við bjóðanda í kjölfar skilafrests tillagna er gert ráð fyrir að samhliða fari fram endanlegar viðræður bjóðanda við fjármögnunaraðila verkefnisins þannig að fyrir liggja við gerð samnings um orkustöðina samþykki og tryggð fjármögnun viðkomandi bjóðanda á verkefni hans. OH áskilur sér þó heimild til að ljúka samningi um ráðstöfun orkustöðvar við bjóðanda áður, en þá með skýrum fyrirvara um

fullnægjandi fjármögnun verkefnisins og tekur samningur aldrei gildi fyrr en OH hefur samþykkt fjármögnun bjóðanda fyrir sitt leyti.

Tilkynna skal OH sérstaklega þegar fjármögnun verkefnis bjóðanda hefur verið tryggð. Þá skal OH látinn í té afrit af fjármögnunarsamningi/samningum bjóðandans sem valinn verður og skulu slík afrit afhent OH þegar þau liggja fyrir undirrituð af viðeigandi aðilum.

5.5 Bankaábyrgð fyrir efndum samnings

OH gerir sérstakan fyrirvara um að hagnýtingaraðili sem samningur næst við leggi mögulega fram bankaábyrgð til tryggingar á efndum samnings við OH. Mikilvægur þáttur í væntanlegri uppbyggingu er að efndir samnings OH við hagnýtingaraðila gangi eftir. Að öllum líkindum mun því OH gera kröfu til þess í viðræðum að bjóðandi sem valinn verður leggi fram bankaábyrgð eða aðrar fullnægjandi tryggingar fyrir vanefndum á samningi um orkustöð OH. Bankaábyrgð skal þá gefin út af banka eða fjármálafyrirtæki sem nýtur lánshæfismats sem skal að lágmarki vera BBB fyrir langtímaskuldbindingar skv. Standard & Poor eða Fitch og að lágmarki Baa2 fyrir langtímaskuldbindingar sé um að ræða lánshæfismat útgefið af Moody's.

Bankaábyrgðin skal heimila OH að draga á ábyrgðina komi til þeirra vanefnda sem skilgreindar verða í samningi aðila. Tilgangur ábyrgðarinnar er að tryggja OH fyrir mögulegu tjóni sem OH verður fyrir ef bjóðandi getur ekki staðið við skuldbindingar í samningi sínum, hættir verkefninu, verður tekin til gjaldþrotaskipta, leitar nauðasamninga o.þ.h.

Bankaábyrgð skal skilað eigi síðar en 14 dögum áður en orkustöðin verður afhent viðkomandi bjóðanda. Sjá einnig áskilnað í kafla 8.2.

5.6 Áætlanir bjóðanda á rekstrartíma

Með tillögu um hagnýtingu orkustöðvar til OH skulu fylgja gögn um áætlanir bjóðanda á rekstrartíma hans. Þess er því óskað að með tillögum bjóðenda fylgi, fjárfestinga- og fjármögnunaráætlun, áætlanir um orkusölu bjóðanda frá framleiðslu orkustöðvar og rekstrar- og fjárhagsáætlanir á rekstrartíma stöðvarinnar eða a.m.k. fyrstu fimm ár samningstímans. Ennfremur kann OH að fara fram á afrit af mikilvægum lykilgögnum hagnýtingaraðila svo sem dreifiveitusamnings og fleiri gagna. Upplýsingar um fjárfestingakostnað eru þó óhjákvæmilegar með tillögu bjóðanda, sbr. umfjöllun í kafla 1.8.

5.7 Áskilnaður OH um afhendingu gagna um bjóðanda

Eftir að bjóðendur hafa lagt fram tillögur sína fyrir eða við lok skilafrests, áskilur OH sér allan rétt til að fara fram á það við eintaka bjóðendur að þeir afhenti OH allar frekari upplýsingar vegna einstakra liða í tillögum þeirra eða þá samninga, skjöl, vottorð og önnur gögn sem OH telur sig þurfa til frekari upplýsinga um bjóðanda, getu hans og færni, áreiðanleika um framleiðsluáferð/-aðferðir þær sem hann býður en einnig gögn til frekari upplýsinga um forsendur fyrir viðskiptaáætlun hans og sölu á orku frá orkustöð OH svo og staðfestingar á öðrum upplýsingum eða staðreyndum sem

nauðsynlegar eru til þess að leggja fullnaðarmat á tillögur bjóðanda og bjóðanda sjálfan áður en gengið verður til samninga milli OH og viðkomandi bjóðanda.

Bjóðendur mega því gera ráð fyrir að kröfur um framlagningu gagna og upplýsinga geti að umfangi verið sambærilegar þeim kröfum sem gerðar eru um framlagningu gagna við áreiðanleikakannanir.

5.8 Áskilnaður um gerð áreiðanleikakönnunar á bjóðanda

OH áskilur sér jafnframt rétt til að láta framkvæma, á eigin kostnað, af sérhæfðum aðilum, formlega áreiðanleikakönnun hvort sem er lagaleg, fjárhagsleg og/eða tæknileg áreiðanleikakönnun á bjóðanda áður en gengið verður til samninga um ráðstöfun orkustöðvar. Slíkur áskilnaður skal vera virkur þar til gengið hefur verið frá samningi við bjóðanda. Þörf fyrir mögulega áreiðanleikakönnun verður metin af OH að fengum tillögum bjóðenda og er ákvörðun um þetta efni alfarið á hendi OH.

6 Helstu þættir sem OH lítur til við val á bjóðanda

6.1 Almennt

OH mun líta sérstaklega til eftirtalinna þátta við mat á tillögum frá bjóðendum. Upptalning þessi er aðeins lýsandi fyrir bjóðendum og fela á engan hátt í sér tæmandi lista yfir atriði sem OH mun líta til við mat á tillögum. Eru bjóðendum sérstaklega hvattir til að leggja fram greinargóðar skýringar og upplýsingar á eftirfarandi þáttum og gera því OH sem best kleift að taka afstöðu til tillagna bjóðenda:

- 1) Reynsla bjóðanda af viðkomandi vinnsluaðferð eða tæknilausn.
- 2) Reynsla bjóðanda af orkuframleiðslu.
- 3) Reynsla samstarfsaðila/framleiðanda lausnarinnar/einkaleyfishafa af viðkomandi vinnsluaðferð/tæknilausn.
- 4) Tæknilegrar getu bjóðanda og/eða tæknilegrar getu samstarfsaðila.
- 5) Sögu viðkomandi vinnsluaðferðar.
- 6) Áreiðanleika viðkomandi aðferðar m.t.t. innviða orkustöðvar OH.
- 7) Árangri viðkomandi framleiðslu- eða vinnsluaðferðar annars staðar.
- 8) Fjárhagslegrar getu bjóðanda o.fl. Þá verður litið til viðskiptahugmyndarinnar í heild og hvernig bjóðendum sjá fyrir sér sölu afurða sinna og öryggi í sölu á afurðum.

Í tilviki sameiginlegrar tillögu frá fleiri en einum bjóðanda verður litið til styrkleika hvors aðilans fyrir sig við mat á ofangreindum þáttum.

Verður nú vikið nánar að nokkrum ofangreindra þátta;

6.2 Reynsla bjóðenda/reynsla samstarfsaðila

Litið verður til reynslu bjóðenda og/eða samstarfsaðila hans og framkvæmdar hans við hliðstæð verkefni og þá framleiðsluaðferð sem hann býður. Allar upplýsingar sem sýna fram á reynslu bjóðanda og/eða samstarfsaðila hans og upplýsingar um fyrri verkefni af þeim toga sem hann býður fram í tillögum sínum til OH eru því æskilegar upplýsingar með tillögu bjóðanda.

6.3 Tæknilegar upplýsingar um búnað og tækni framleiðsluaðferðar bjóðanda

Ítarlegar upplýsingar um þau tæki og búnað sem bjóðandi ætlar að setja upp í orkustöð OH, útlitun þarfa varðandi rými og breytingar innan orkustöðvar OH auk annarra upplýsinga sem geta hjálpað OH við að meta viðkomandi verkefni einkum m.t.t. núverandi innviða orkustöðvar og þeirra takmarkana sem kunna að vera á húsnæði orkustöðvar við framkvæmd verkefnis bjóðanda.

6.4 Fjárhagsstaða bjóðanda

Bjóðandi skal skila með tillögum sínum staðfestingu um að hann sé ekki í vanskilum með skatta og önnur opinber gjöld, ef eftir því verður óskað við mat á tillögum.

Ef eftir því verður óskað skal aðili sem leggur inn tillögu vera reiðubúinn að láta í té ársreikninga sína, allt að þrjú síðustu rekstrarár. Þá áskilur OH sér rétt til að krefjast

Þess að bjóðandi sendi OH ársreikning sinn á hverju ári eftir að ársuppgjöri hans er lokið á því tímabili sem bjóðandi rekur orkustöðina. Fari rekstur orkustöðvar fram í sér félagi á vegum bjóðanda gildir sami áskilnaður um það félag auk móðurfélags bjóðanda. Geri bjóðandi árshlutauppgjör vegna reksturs síns er áskilinn réttur til að kalla eftir slíkum uppgjörum.

6.5 Heimild OH til að óska frekari upplýsinga

OH áskilur sér allan rétt til að hafa samband við hvaða bjóðanda sem er í því skyni að óska upplýsinga eða frekari skýringa á efni því sem fram kemur í tillögu viðkomandi bjóðanda.

7 Túlkun samkeppnislýsingar – fyrirspurnir

Sé bjóðandi í vafa um rétta merkingu eða skilning á einhverjum hluta samkeppnislýsingar þessarar, eða telur þörf á frekari upplýsingum skal hann tilkynna OH það og óska eftir nánari skýringu, áður en hann gengur frá tillögu sinni.

Allar fyrirspurnir skulu sendar til Gunnars Hrafns Gunnarssonar, framkvæmdastjóra OH á tölvupóstfangið; gunnar@nordurthing.is og verða fyrirspurnir að berast verkkaupa sem fyrst og eigi síðar en 10 dögum fyrir lok skilafrests á tillögum. Verður fyrirspurnum svarað eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 5 dögum fyrir skilafrest tillagna. Verkkaupi ber ekki ábyrgð á öðrum skýringum við samkeppnislýsinguna og fylgiskjala hennar en þeim sem hann gefur út með formlegum viðauka við gögnin, eða með formlegum yfirlýsingum, sem hann beinir til allra bjóðenda.

Bjóðandi staðfestir með tillögum sínum til OH að hann:

- a. Samþykkir þá skilmála, kvaðir og ákvæði sem samkeppnislýsing þessi kveður á um.
- b. Hafi fullvissað sig um í hverju verkið sé fólgið og um önnur atriði sem ætla má að hafi áhrif á það og kostnað þess, þar með talið þá samninga sem kunna að hafa áhrif á framkvæmd verkefnis hans, svo sem kjarasamninga ofl.
- c. Hafi kynnt sér vel allar aðstæður í eða við orkustöð OH.

Viðræður við bjóðanda tillögu til OH eru boðaðar með þeim fyrirvara að framvinda þess verkefnis sem hér er lýst kann að tefjast vegna útboðsskyldu, vegna dómsmála, úrskurða stjórnslunefnda eða athafna annarra opinberra aðila eða aðila í eigu hins opinbera. Slík mál geta komið upp hvort sem er á þeim tíma sem kallað er eftir tillögum, við meðferð og athugun innsendra tillagna eða við framvindu viðræðna við mögulega rekstraraðila. Komi til meðferðar slíkra mála í kjölfar samkeppnislýsingar þessarar áskilur OH sér eftirfarandi rétt, án sérstakrar bótaskyldu nema annað sé sérstaklega tekið fram, sem getur haft áhrif á framvindu samningsviðræðna sem og niðurstöðu og ráðstöfun orkustöðvar til rekstraraðila:

- a. Á tillögutíma; að hætta við fyrirhugaða ráðstöfun orkustöðvarinnar.
- b. Eftir opnun tillagna; að hafna öllum tillögum.
- c. Eftir undirskrift samnings; að fresta framkvæmd á hluta eða öllum samningnum. Komi til frestunar á framkvæmd undirritaðs samnings vegna slíks utanaðkomandi atburðar á bjóðandi rétt á því að hætta við samninginn án frekari krafna og skal þá mögulega bótaskylda sérstaklega takmarkast við bætur sem miða að því að samningur hefði aldrei verið (vangildisbætur).

7.1 Tungumál

Samkeppnislýsing þessi er aðeins gefin út á íslensku.

Tillögum og gögnum frá bjóðendum má hins vegar skila á íslensku eða ensku, hvort sem er að öllu leyti eða hluta.

Samningar sem gerðir verða um þá tillögu sem valin verður geta verið ýmist á íslensku eða ensku eftir því sem hagkvæmast þykir að teknu tilliti til hagsmuna beggja aðila eða sökum óskar eða aðstöðu bjóðanda.

8 Áskilnaður og fyrirvarar OH eftir að bjóðandi hefur verið valinn

Í kafla þessum er fjallað um þann áskilnað sem OH gerir eftir að bjóðandi hefur verið valinn en um atriði þessi verður nánar kveðið í fyrirhuguðum samningi við þann bjóðanda sem valinn verður. Ekki er um tæmandi talningu að ræða þar sem endanlegar tillögur liggja ekki fyrir og sú leið eða framleiðsluaðferð sem valinn verður kann að kalla á frekari réttindi, skyldur eða áskilnaði af hálfu OH í því skyni að tryggja hagsmuni OH og þann tilgang sem samningur við hagnýtingaraðila um raforkuframleiðslu felur í sér.

8.1 Fyrirvari OH vegna neyðarréttar

OH áskilur sér bein inngrip í búnað og tæki þess rekstraraðila sem fyrir valinu verður sem og til þeirra inngripa í réttindi yfir aðstöðu eða svæðum innan eða utanhúss við orkustöðina til að fyrirbyggja eða lágmarka beint eða óbeint tjón eða hættu á að beint eða óbeint tjón geti orðið gagnvart hagsmunum OH, íbúa Norðurlands eða annarra aðila, í eða við orkustöð eða í eða við aðveitu- eða dreifiveitukerfi OH, óháð því hvort slíkar fyrirbyggjandi aðgerðir komi til vegna athafna, vinnslu, vinnsluaðferða eða annarrar starfsemi rekstraraðila eða af öðrum ástæðum.

8.2 Heimild OH til að grípa til úrræðna til að forðast tjón, mengun eða almannahættu

OH skal vera heimilt að bregðast við og grípa til allra þeirra úrræðna og athafna sem nauðsynleg eru, ef til þess kemur að rekstur og/eða framleiðsla rekstraraðila eða mistök í rekstri eða framleiðslu af hálfu rekstraraðila valdi eða ógni almannahættu eða að athafnir eða athafnaleyssi rekstraraðila valdi beinu eða óbeinu tjóni á eignum OH í eða utan orkustöðvar, eignum íbúa Húsavíkur eða notenda, nágretta eða samfélagsins eða að mengunartjón hafi orðið eða að rökstuddur grunur sé um að slíkt tjón sé í uppsiglingu.

OH mun áskilja að í samningi aðila verði ákvæði sem feli í sér skyldur fyrir bjóðanda til þess að fara í starfsemi sinni að gildandi lögum hverju sinni og undirgangast þær kvaðir, mengunarstaðla, aðra staðla eða aðrar kröfur sem þegar eru gerðar eða verða gerðar á rekstartíma hans í orkustöðinni. Brot á eftirfylgni með slíkum kröfum veitir OH heimild til að leysa til sín orkustöðina fyrr en samningur kveður á um eins og nánar verður kveðið á um í samningi aðila.

Þá er athygli bjóðenda vakin á gildandi lagaheimildum til inngripa í rekstur framleiðslueininga fyrir raforku. Ef upp kemur vá gilda ákvæði 20. tl. 3. gr. raforkulaga nr. 65/2003 þ.e. atburður sem ógnar almannahag, öryggi fólks, mannvirkja og starfsemi, sem kallar á að neyðarstjórnun verði gerð virk og atburðurinn getur valdið stórfelldum truflunum á raforkuflutningi, framleiðslu eða dreifingu raforku á tilteknu svæði. Slík neyðarstjórnun getur falið í sér að rekstur hagnýtingaraðila verði með öllu yfirtekin af kerfisstjórn raforkukerfisins á meðan slíkt ástand varir.

Þá getur komið til þess að eiganda raforkuvirkis verði gert að grípa til ákveðinna ráðstafana skv. opinberum fyrirmælum veittum á grundvelli 4. mgr. 18. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.

8.3 Inngripsheimildir OH vegna breyttrar aðstöðu hagnýtingaraðila

Gera má ráð fyrir að rekstrartími hagnýtingaraðila vari um nokkuð langt skeið. Ljóst má vera að á löngum samningstíma kunna aðstæður rekstraraðila að breytast og leiða til þess að hagmunir OH sem endanlegum afnotahafa stöðvarinnar skv. samningi kunna að skerðast. OH kann því í samningsgerð við hagnýtingaraðila fara fram á tiltekna inngripsheimildir af sinni hálfu í rekstur orkustöðvar ef upp koma alvarlegar aðstæður sem kalla á slík inngrip. Um er að ræða réttlætunarlegar aðgerðir til að tryggja þann tilgang og markmið sem samningur aðila felur í sér sem m.a. tryggir að við samningslok eignist OH orkustöðina ásamt þeim framleiðslubúnaði og tækjum til raforkuframleiðslu sem þar er að finna.

Komi þannig til þess að hagnýtingaraðili lendi í greiðsluferfiðleikum, fari í gjaldþrot eða leiti nauðasamninga verður áskilin samningsbundinn réttur OH gagnvart hagnýtingaraðila sem felur í sér beina einhliða heimild OH til að yfirtaka orkustöðina og eignir sem í stöðinni eru til framleiðslu raforku. Eftir atvikum og háð því fyrirkomulagi ráðstöfunar á orkustöðinni sem gildir á rekstrartíma hagnýtingaraðila, kann að þurfa að þinglýsa slíkum inngripsheimildum OH í því skyni að tryggja þau réttindi sem inngripsheimildir taka til.

8.4 Samningur hagnýtingaraðila við RARIK vegna dreifingu og sölu raforku

Sá hagnýtingaraðili sem tekur við orkustöðinni mun þurfa að semja sérstaklega við RARIK um aðgang að tengivirki stöðvarinnar og gera samning um afhendingu rafmagnsframleiðslunnar.

Hagnýtingaraðili mun þurfa að leita að kaupendum og tryggja sölu á raforku sem hann framleiðir í orkustöðinni. Sala raforku er frjáls skv. raforkulögum og eiga allir rafmagnsnotendur rétt á að velja sér raforkusala. Um almenna notendur gilda reglur um tiltekin uppsagnarfrest við söluaðilaskipti en í tilviki stærri notenda er unnt að gera langtímasamninga. Vísað er til þeirra laga og reglna sem gilda á raforkumarkaði í þessu sambandi m.a.;

- Raforkulög nr. 65/2003, með síðari breytingum
- Lög um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., nr. 30/2008
- Lög um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, nr. 98/2004
- Reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar, nr. 1050/2004, með síðari breytingum
- Reglugerð um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, með síðari breytingum
- Reglugerð um kerfisstjórnun í raforkukerfinu, nr. 513/2003
- Reglugerð um gæði raforku og afhendingaröryggi, nr. 1048/2004, með síðari breytingum

8.5 Veðheimildir

Verði leið 1 eða 2 fyrir valinu gerir OH ráð fyrir að að hagnýtingaraðili eigi kost á heimildum til að veðsetja orkustöðina, ásamt lóð og því lausafé sem eru í eigu

orkustöðvarinnar. Mun OH, með þeim skilyrðum sem fram koma í einstökum ákvæðum lýsingar þessarar og þeim samningi sem gerður verður milli aðila, ljá atbeina sinn að þeim staðfestingum og eftir atvikum athöfnum sem nauðsynlegar kunna að reynast til að tryggja hefðbundin veðréttindi fjármögnunaraðila í þeim eignum sem verða háðar ráðstöfun hagnýtingaraðila á líftíma verkefnisins.

8.6 Takmörkun á framsalsrétti hagnýtingaraðila

Með öllu verður óheimilt að framselja hagnýtingarréttinn sem OH veitir þeim aðila sem valinn verður nema til komi skriflegt samþykki OH. Komi til þess að framsal eigi sér stað án vitundar eða samþykkis OH telst slíkt veruleg vanefnd á samningi milli hagnýtingaraðila og OH. Slíkt brot getur veitt OH heimild til að taka yfir orkustöðina án bóta eða greiðslna.

Þá gerir OH kröfur til þess að aðilaskipti að hlutum í félagi hagnýtingaraðila verði tilkynnt OH. Allar færslur umfram 25% framsal á hlutafé í hagnýtingaraðila getur leitt til forgangsréttar eða virkjað inngrípsheimildir OH nema um annað verði samið. Það sama gerist ef hagnýtingaraðili verður gjaldþrota, leitar nauðasamninga eða sameinast eða er yfirtekið af þriðja aðila.

8.7 Vanefndir og heimildir til riftunar og uppsagnar samnings

Í samningi aðila munu verða tilgreindar uppsagnarástæður samnings aðila. Riftunarheimildir munu m.a. tengjast vanefndum á þeim greiðslum sem samningur aðila kveður á um eða öðrum verulegum vanefndaheimildum. Jafnframt verður áskilinn uppsagnarheimild ef verulegar breytingar verða á eignarhaldi hagnýtingaraðila stöðvarinnar (e. change of control), sbr. grein 8.6.

8.8 Kostnaðarskipting aðila

Hvorugur aðila mun bera sinn kostnað hverju nafni sem nefnist sem aðilar stofna til vegna eða í tengslum við samkeppnislýsingu þessa eða eftirfarandi útboðs komi til þess og fyrir þær athuganir, samskipti og samningaviðræður sem fylgja í kjölfar innlagna á tillögum þátttakenda. Þannig munu aðilar bera sjálfir allan kostnað sérfræðinga sem þeir stofna til í tengslum við t.d. fjárhagsleg-, lagaleg- eða skattaleg-atriði varðandi hina fyrirhuguðu starfsemi svo sem með ráðningu endurskoðenda, lögfræðinga, verkfræðinga, skattasérfræðinga eða vegna annarrar þjónustu. Hvorugur aðila getur krafist hinn um kostnað sinn út af ofangreindu, þ.m.t. ef samningaviðræður milli hagnýtingaraðila og OH leiða ekki til samninga milli aðila.

8.9 Skaðabótaábyrgð

Um skaðabótaábyrgð í samningssambandi hagnýtingaraðila og OH verður samið sérstaklega í samningaviðræðum aðila þegar fyrir liggur hvaða framleiðsluaðferð verður notuð og hvað felst í samningi aðila. OH mun þó leggja áherslu á skýra afmörkum og takmörkun bótaábyrgðar við tiltekna fjárhæðir og tiltekin atvik.

8.10 Fyrirvari um samþykki Samkeppniseftirlits og annarra lögbærra yfirvalda.

Í samningi milli OH og hagnýtingaraðila verður gerður fyrirvari um samþykki Samkeppniseftirlits ef til þess kemur að umfjöllunar Samkeppniseftirlits og samþykkis þess sé þörf um samning þann sem gerður verður í kjölfar samkeppnislýsingar þessarar. Sams konar fyrirvari verður gerður um samþykki mögulegra annarra lögbærra stjórnvalda sem fara með stjórnslu- eða eftirlitsvald gagnvart efnisatriðum þess samnings sem gerður verður milli OH og hagnýtingaraðila.

9 Skil orkustöðvar við lok samnings og ástand búnaðar og tækja við skil

Samningur OH og viðkomandi hagnýtingaraðila verður tímabundinn. Miðar lýsing þessi við að tímabil hagnýtingar sé að hámarki 20 ár nema sérstakar ástæður komi til. Við skil orkustöðvar mun OH yfirtaka allan framleiðslubúnað, tæki og aðra lausafjárnuni sem hagnýtingaraðili hefur sett upp í orkustöðinni. Ennfremur mun þá OH yfirtaka þá gildandi samninga sem kunna að gilda um raforkusölu þess rafmagns sem framleitt er í orkustöðinni nema að samið verði sérstaklega um annað. Áskilið er að við skil orkustöðvar skuli tæki og búnaðar til framleiðslu raforku vera í góðu ásigkomulagi og virka með réttum hætti. Áskilið verður í samningi aðila að OH sé heimilt að ástandsskoða allan búnað og tæki orkustöðvar hvort sem er með eða án aðstoðar sérfróðra aðila við lok samningstíma. Komi í ljós annmarkar á ástandi eða rekstrarhæfni stöðvarinnar við þær athuganir sem staðfesta eða gera það líklegt að OH geti ekki haldið áfram raforkuframleiðslu eftir afhendingu stöðvarinnar, mun OH geta farið fram á úrbætur og lagfæringar á kostnað og ábyrgð hagnýtingaraðila og getur OH einhliða frestað afhendingu orkustöðvarinnar á meðan slíkri viðgerð eða úrbótum er ólukið með fullnægjandi hætti. Í því skyni að tryggja efndir þessarar skyldu hagnýtingaraðila til að tryggja ástand orkustöðvar, búnaðar og tækja við afhendingu, kann OH að fara fram á sérstaka tryggingu og verður þá samið um fjárhæð hennar og skilmála við gerð samnings milli OH og hagnýtingaraðila um orkustöðina.